



ÍÞRÓTTA- OG  
ÓLYMPIUSAMBAND  
ÍSLANDS



# ÁRSSKÝRSLA 2019



# Sambandsaðilar ÍSÍ

## Íþróttahéruð ÍSÍ

	Héraðssambandið Hrafna-Flóki
	Héraðssamband Bolungarvíkur
	Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu
	Héraðssambandið Skarphéðinn
	Héraðssamband Strandamanna
	Héraðssamband Vestfirðinga
	Héraðssamband Þingeyinga
	Íþróttabandalag Akraness
	Íþróttabandalag Akureyrar
	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
	Íþróttabandalag Reykjanessbæjar
	Íþróttabandalag Reykjavíkur
	Íþróttabandalag Vestmannaeyja
	Íþróttabandalag Suðurnesja
	Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga
	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar
	Ungmennasamband Borgarfjarðar
	Ungmennasamband Eyjafjarðar
	Ungmennasamband Kjalarnessþings
	Ungmennasamband Skagafjarðar
	Ungmennasamband A-Húnvetninga
	Ungmennasambandið Úlflijótur
	Ungmennasamband V-Húnvetninga
	Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu

## Sérsambönd ÍSÍ

	Akstursíþróttasamband Ísland
	Badminton samband Ísland
	Blaksamband Íslands
	Borðtennissamband Íslands
	Dansíþróttasamband Íslands
	Fimleikasamband Íslands
	Frjálsíþróttasamband Íslands
	Glímusamband Íslands
	Golfsamband Íslands
	Handknattleikssamband Íslands
	Hjólreiðasamband Íslands
	Hnefaleikasamband Íslands
	Íshokkisamband Íslands
	Íþróttasamband fatlaðra
	Júðósamband Íslands
	Karatesamband Íslands
	Keilusamband Íslands
	Knattspyrnusamband Íslands
	Kraftlyftingasamband Íslands
	Körfuknattleikssamband Íslands
	Landsamband hestamannafélaga
	Lyftingasamband Íslands
	Mótorhjóra- og snjósléðiþróttasamband Íslands
	Siglingasamband Íslands
	Skautasamband Íslands
	Skíðasamband Íslands
	Skotíþróttasamband Íslands
	Skyldingasamband Íslands
	Sundsamband Íslands
	Taekwondosamband Íslands
	Tennissamband Íslands
	Þríþrautarsamband Íslands



# Efnisyfirlit

Ávarp forseta	2	Siðareglur og hegðunarviðmið	35
Framkvæmdastjórn ÍSÍ	4	Sýnum karakter	36
Skrifstofa ÍSÍ	8	Íþróttahreyfingin og ný persónuverndarlöggjöf	36
73. Íþróttáþing ÍSÍ 2017	9	Norræn nefnd um þjálfaramenntun	37
Formannafundur ÍSÍ	11	Ólympíudagurinn	37
Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinir innan vébanda ÍSÍ	11	Jafnréttismál	37
Íþróttanefndir ÍSÍ	11	Ráðstefna IOC um konur í leiðtogastörfum	38
Dómsmál	11	Baráttan gegn hagræðingu úrslita í íþróttum	38
Heiðranir	12	Vertu með!	39
Heimsóknir til ÍSÍ	14	Lífshlaupið	40
Samtök íslenskra Ólympíufara – SÍÓ	17	Sjóvá – Kvinnahlaup ÍSÍ	41
Íþróttamannanefnd ÍSÍ	17	Hjólað í vinnuna	42
Hringferð forseta ÍSÍ	18	Hjólum í skólann	42
Heiðurshöll ÍSÍ	19	Göngum í skólann	43
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	20	Hreyfitorg	43
Samningur við Air Iceland Connect	20	Nefnd um íþróttir 60+	44
Starfsskýrslur ÍSÍ	20	Afreksstefna ÍSÍ	44
Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ	21	Íþróttavika Evrópu	45
Lyfjæftirlit Íslands	22	Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang 2018	46
Íþróttamaður ársins	24	Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires 2018	46
Ólympíufjölskylda ÍSÍ	25	Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019	47
Til stuðnings góðum málsstað	25	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2017	48
Ferðasjóður íþróttafélaga	26	Smáþjóðaleikarnir 2017	48
Afrekssjóður ÍSÍ	27	Stuðningur Ólympíusamhjalparinnar	49
Fyrirmyndarhérað ÍSÍ	28	Ráðstefna EOC	50
Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ	28	Afreksstefnur sérsambanda ÍSÍ	50
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ	29	Ellert B. Schram heiðraður af EOC	50
Þjálfaramenntun ÍSÍ	29	#églika	51
Þjálfaramenntun sérsambanda	29	Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda	52
Samningar um fjárframlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til ÍSÍ	30	Ársþing Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC)	53
Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa	30	Aðalfundur Smáþjóðaleika 2017 og 2018	53
Verkefnasjóður ÍSÍ	30	Ársþing ANOC	54
Ráðstefnur og málþing	31	Fulltrúar ÍSÍ í nefndum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC)	54
Hádegisfundir	32	Lárus L. Blöndal sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu	55
Forvarnardagur forseta Íslands	33	Viðburðaríkt ár – 2019	55
Ólympíuhlaup ÍSÍ	34	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2017	56
Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglinga	34	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2018	58
Útgáfumál	35	Ársreikningur 2017	61
Námskeið í Ólympíu	35	Ársreikningur 2018	81



Lárus L. Blöndal, forseti ÍSí.

## Ávarp forseta

### Mikilvægi íþróttanna

Íþróttahreyfingin á Íslandi er mögnuð. Hún er dýnamísk og sýnbreytileg, krefjandi og gefandi í senn. Að henni standa tugþúsundir sjálfbóðaliða sem gefa af dýrmætum frítíma sínum til að styðja við starfið og starfsfólk sem flest leggur af hugsjón meira til starfsins heldur en það fær greitt fyrir. Á okkar litla landi eigum við frábærar fyrirmyndir, á öllum sviðum mannlífsins. Fyrirmyndir sem drífa okkur áfram í lífinu, hvetja okkur til að gera betur í okkar eigin verkefnum og lífi, kveikja í okkur neista sem á alla möguleika á að verða að báli. Fyrirmyndir sem verða til þess að við setjum okkur markmið um alla mögulega hluti og vekja viljann til að bæta okkur, bæði sem manneskjur og í okkar starfi og leik. Við í íþróttahreyfingunni þurfum ekki að leita lengi að fyrirmyndum, bæði fyrir börn og fullorðna. Þurfum ekki annað en til dæmis að líta til forseta lýðveldisins, sem skokkar og hjólar um grundir Bessastaða og tínir gjarnan upp rusl í leiðinni og sameinar þar tvö af mörgum hagsmunamálum íþróttahreyfingarinnar; umhverfismál

og almenna hreyfingu. Síðan vitum við öll að við eigum frábært íþróttafólk í ólíkum íþróttagreinum sem þjóðin stendur á bak við og eru sameiningartákn okkar. Afrakstur alls þessa góða starfs íþróttahreyfingarinnar hefur gefið af sér margar hetjur á íþróttasviðinu sem ekki síst börn og unglingar líta upp til og hefur verið hvati til þátttöku í íþróttastarfi. Þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi er með því allra mesta sem þekktist í heiminum og vekur sífellt eftirtekt annarra þjóða. Samvinna fjölskyldna í landinu, íþróttahreyfingarinnar, ríkis og sveitarfélaga hefur gengið vel og með forvarnargildi íþróttanna að leiðarljósi hafa allir þessir aðilar unnið dyggilega að uppbyggingu íþróttalífs á Íslandi. Íþróttahreyfingin fer þó ekki varhluta af þeim áskorunum sem samfélag okkar þarf að takast á við enda endurspeglar hreyfingin þverskurð þjóðarinnar. Í kjölfar #églíka frásagna íþróttakvanna sem birtar voru í janúar 2018 fór af stað mikil innri skoðun í hreyfingunni þar sem meira og minna allt regluverk

hreyfingarinnar og fræðsluefni var endurskoðað til að bregðast við kröfum um öruggara umhverfi innan vébanda íþróttahreyfingarinnar. Íþróttahreyfingin bjó reyndar yfir góðu fræðsluefni um forvarnir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi en í kjölfar #églíka var bætt enn frekar í. Kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi er samfélagslegt mein sem við þurfum öll að hjálpast að við að útrýma og á alls ekki heima í íþróttahreyfingunni og við munum aldrei samþykkja. Baráttan gegn misnotkun lyfja í íþróttum er hörð og ávallt á brattan að sækja. Á síðasta ári var Lyfjæftirlit Íslands (LÍ), sjálfseignarstofnun um lyfjæftirlit, sett á laggirnar í samræmi við alþjóðasamninga UNESCO um lyfjæftirlit og lyfjæftirlitssamning Evrópuráðsins, sem íslenska ríkið hefur undirritað. Það er gríðarlega mikilvægt verkefni að tryggja gott lyfjæftirlit hér á Íslandi enda er lyfjamisnotkun ein mesta meinsemd íþróttanna í heiminum í dag. Önnur mikil ógn er hagræðing úrslita. Það er staðreynd að íslenskir íþróttaleikir eru orðnir mikilvægur hluti af alþjóðlegri veðmálastarfsemi.

Það þýðir auknar freistingar fyrir okkar íþróttafólk og þar með aukna þörf fyrir upplýsingar um alvarleika slíkra brota og auknið eftirlit.

Íþróttahreyfingin stendur fyrir skilgreint starf sem sannað er að hefur bæði íþrótt- og forvarnargildi í samfélaginu. Margir aðilar sækja til okkar og vilja gjarnan komast undir væng okkar og fá að tilheyra því góða skipulagi sem íþróttahreyfingin býr við og jafnframt að hljóta viðurkenningu samfélagsins sem hluti af skipulögðu íþróttastarfi. Sumum tókum við fagnandi þar sem það starf er þegar viðurkennt af alþjóðasamfélagi íþróttar og fellur vel að skipulagi okkar og gildum. Annað þarfnast frekari umhugsunar og skoðunar. Nú hafa rafleikir bankað á dyrnar og sýnt áhuga á að hljóta viðurkenningu íþróttahreyfingarinnar alþjóðlega og þá líka hér á Íslandi. Nokkur umfjöllun hefur verið um samstarf rafleikja við íþróttahreyfinguna hér á landi undanfarnar vikur. Fyrir íþróttahreyfinguna er stóra spurningin sú hvort rafleikir séu heppilegur samstarfsaðili fyrir íþróttahreyfinguna eða hugsanlega andstæða við þau gildi sem íþróttahreyfingin stendur fyrir. Það er ekki auðvelt að sjá með hvaða hætti við ættum að geta horfið frá meginmarkmiðum hreyfingarinnar og tekið inn í okkar starf ástundun rafleikja. Í íþróttalögum eru íþróttir skilgreindar sem hvers konar líkamleg þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti. Í lögum ÍSí eru íþróttir skilgreindar sem ástundun

líkamlegrar þjálfunar til keppni og heilsuræktar. Fæstir rafleikir falla undir þessar skilgreiningar og geta í eðli sínu unnið gegn þeim ef litið er til þeirra neikvæðu þátta sem fylgt geta ástundun þeirra. Má þar nefna kyrrsetu, spilafíkn, birtingarmyndir ofbeldis, neikvæðar staðalmyndir kynjanna og markmið með spilun bardagaleikja. Eins má velta fyrir sér hvernig þessi nýja viðbót myndi falla að aðstöðu íþróttafélaga og hvaða áhrif hún hefði á þá sem sækja hefðbundnar æfingar í íþróttum í sama húsnæði. Að vinna gegn einangrun barna og ungmenna og bæta félagslegar aðstæður þeirra er markmið sem íþróttahreyfingin vill vinna að eftir því sem hún hefur tök á. Það er hins vegar á okkar ábyrgð að verja og vernda starfsemi okkar og gildi fyrir öllu því sem haft getur neikvæð áhrif á það góða og uppbyggilega í starfi hreyfingarinnar sem hefur jákvæð áhrif á æsku þjóðarinnar, samkvæmt öllum þeim rannsóknum sem til eru um þýðingu skipulegs íþróttastarfs í landinu. Það þarf að meta möguleg jákvæð og neikvæð áhrif þess að gefa rafleikjum aðgang að íþróttahreyfingunni og það ætlar ÍSí að gera á næstu vikum og mánuðum. Settur hefur verið á laggirnar vinnuhópur til að skoða ítarlega hvernig þessum málum verður best fyrir komið jafnframt því að skoða hvernig þeim er háttað innan Ólympíuhreyfingarinnar og í löndunum í kringum okkur. Sú vinna verður grunnur fyrir framkvæmdastjórn ÍSí til að taka upplýsta ákvörðun um

framhaldið. Hvorki Alþjóða-ólympíunefndin (IOC) né systursamtök okkar á Norðurlöndum hafa samþykkt að taka rafleiki inn í sín samtök þrátt fyrir að einstaka félag innan þeirra vébanda hafi farið í samstarf við samtök rafleikja. Okkur ber að fylgja samþykktum Alþjóðaólympíunefndarinnar þegar nýjar íþróttgreinar óska eftir viðurkenningu frá ÍSí. Það er því eðlilegt að við horfum til þeirra við ákvarðanir um þessi mál. Skilaboð IOC eru þau að viðurkenning á rafleikjum sem íþrótt er ekki í sjónmáli eins og staðan er í dag, ekki síst hvað varðar rafleiki sem ganga gegn gildum hreyfingarinnar. Það á sérstakleg við um leiki sem ekki eru taldir við hæfi barna og ungmenna en barna og unglíngastarf er undirstaðan í öllu starfi íþróttahreyfingarinnar. IOC fylgist vel með framvindu mála, ekki síst varðandi rafleiki sem líkja eftir ástundun íþróttar, með tilheyrandi líkamspjálfun, sem gætu verið stuðningur við raunverulegar íþróttgreinar. Hér að framan hef ég nefnt lauslega nokkur af þeim verkefnum sem íþróttahreyfingin hefur fengið í fangið á liðnu kjörtímabili. Það sem stendur þó alltaf upp úr þegar litið er til baka er sjálft íþróttastarfið í hreyfingunni, íþróttafólkið okkar, starfsfólkið í hreyfingunni og sjálfbóðaliðarnir mikilvægu. Það er ekki hægt annað en vera stoltur af starfi hreyfingarinnar og horfa björtum augum til framtíðar.



Lárus L. Blöndal



Sigríður Jónsdóttir



Gunnar Bragason



Hafsteinn Pálsson

## Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 73. Íþróttþingi ÍSÍ, sem haldið var í Gullhömrum í Grafarholti dagana 5.-6. maí 2017, var kosið í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ er þannig skipuð:

### Forseti ÍSÍ

Lárus L. Blöndal er fæddur 1961. Lárus er hæstaréttarlögmaður og er einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002, skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2004 og varaforseti ÍSÍ árið 2006. Hann tók við embætti forseta ÍSÍ í júní 2013. Lárus var um árabil formaður Laganevndar ÍSÍ. Hann hefur verið formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíu-nefndar Íslands í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.

### Varaforseti ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir er fædd 1954. Sigríður er efnafræðingur með doktorspróf frá Háskólanum í Hamborg í Þýskalandi og starfar á Raunvísindastofnun Háskólans. Sigríður var fyrst kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996 og var varaforseti ÍSÍ frá 1997-2006. Hún sat í stjórn Badmintonsambands Íslands frá 1988 og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður hefur verið varaforseti ÍSÍ frá árinu 2017. Hún situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.

### Gjaldkeri ÍSÍ

Gunnar Bragason er fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem forstjóri Gámþjónustunnar hf. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002 og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ árið 2004. Hann er einnig formaður Fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Gólf-sambands Íslands frá 1999-2001. Íþróttalegur bakgrunnur: Golf.

### Ritari ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson er fæddur 1952. Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1992 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu sem formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, formaður Taekwondonefndar ÍSÍ og formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Hann er ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalarnessþings og knattspyrnudeildar Umf. Aftureldingar og átti einnig sæti í aðalstjórn og stjórn sunddeildar Umf. Aftureldingar og í stjórn UMFÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



Ása Ólafsdóttir



Garðar Svansson



Guðmundur Ágúst Ingvarsson



Ingi Þór Ágústsson

Ása Ólafsdóttir er fædd 1970. Ása er prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands. Hún var kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017. Hún sat í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands 2014-2017. Ása er varaformaður Afrekssjóðs ÍSÍ. Hún hefur tekið þátt í starfi fyrir hönd ÍSÍ, svo sem í viðbragðshópi vegna #metoo og situr nú í ráðgefandi nefnd forsætisráðuneytis um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma ofbeldi. Íþróttalegur bakgrunnur: Karate og kraftlyftingar.

Garðar Svansson er fæddur 1968. Garðar var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2011 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2013. Garðar er formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og situr í Fjármálaráði ÍSÍ. Garðar sat í stjórn UMFÍ 2009 til 2011. Hann hefur átt sæti í stjórn Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu síðan 1995, fyrrverandi formaður og er núverandi gjaldkeri sambandsins. Hann var formaður Umf. Grundarfjarðar 1997–2001. Hann hefur verið í stjórn Golfklúbbsins Vestarr síðan 2009. Hann situr í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálssíþróttir, blak og golf.

Guðmundur Ágúst Ingvarsson er fæddur 1950. Guðmundur Ágúst var kosinn í varastjórn ÍSÍ 2013 og sat í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og í vinnuhópi ÍSÍ um skattamál íþróttahreyfingarinnar. Á íþróttapingi 2015 var Guðmundur Ágúst kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ, gegndi embætti formanns Afrekssjóðs ÍSÍ 2015-2017 og er nú formaður Byggingar- og skipulagsnefndar Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Guðmundur Ágúst átti sæti í aðalstjórn Víkings og sat í nefndum hjá Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ). Hann var kjörinn formaður HSÍ 1996 og gegndi því embætti til 2009. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, handknattleikur, hestaiþróttir og golf.

Ingi Þór Ágústsson er fæddur 1972. Ingi Þór var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2013 en tók sæti í framkvæmdastjórn sama ár. Ingi Þór situr í fagráði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ, er formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ og formaður vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga. Ingi Þór var kosinn í varastjórn Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) við stofnun þess árið 2000 en tók síðar sæti í aðalstjórn og var formaður HSV árin 2004–2006. Hann var bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar árin 2002–2008 og formaður íþróttanefndar Ísafjarðar á þeim tíma. Hann var formaður undirbúningsnefndar fyrir Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði árið 2003. Ingi Þór var einnig framkvæmdastjóri HSV um skamma hríð sem og framkvæmdastjóri UMSB 2008-2009. Hann sat í stjórn UMFÍ árin 2004-2006 og í stjórn SSÍ 2011–2015 þar sem hann er einnig nefndarmaður í landsliðsnefnd. Íþróttalegur bakgrunnur: Sund.



Jón Finnbogason



Lilja Sigurðardóttir



Úlfur Helgi Hróbjartsson

Jón Finnbogason er fæddur 1973. Jón var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2015 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2017. Hann situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og í Laganefnd ÍSÍ. Jón er formaður Íþróttaráðs Kópavogs og varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Kópavogs. Jón sat í stjórn Fimleikasambands Íslands frá 1996 til 2000. Jón tók sæti í stjórn Íþróttafélagsins Gerplu 2003, tók við sem formaður félagsins 2006 og gegndi því embætti til 2014. Jón er lögmaður og hefur starfað í fjármálafyrirtækjum frá 2000 í ýmsum stöðum, svo sem sjóðstjóri í skuldabréfasjóðum hjá Stefni hf., forstjóri Byrs hf. og nú sem forstöðumaður Lánaumsýslu hjá Arion banka. Íþróttalegur bakgrunnur: Fimleikar.

Lilja Sigurðardóttir er fædd 1965. Lilja er viðskiptafræðingur að mennt og starfar hjá Arion banka. Hún var kosin í varastjórn ÍSÍ árið 2015 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017. Lilja var varaformaður Afrekssjóðs ÍSÍ 2015-2017 og formaður Afrekssjóðs ÍSÍ 2017-2019. Hún situr einnig í Fjármálaráði ÍSÍ. Lilja hefur setið í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur sl. 17 ár. Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og badminton.

Úlfur Helgi Hróbjartsson er fæddur 1965. Úlfur er kvikmyndagerðarmaður að mennt auk MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2016 og á sæti í fagráði Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ. Úlfur var formaður Siglingasambands Íslands frá 2006 til 2016. Hann á sæti í framkvæmdastjórn Alþjóða Siglingasambandsins sem fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna auk þess að sitja í þróunarnefnd og í síðanefnd sambandsins. Íþróttalegur bakgrunnur: Siglingar.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur haldið 24 fundi frá síðasta Íþróttapingi. Þá hefur framkvæmdaráð ÍSÍ, sem í sitja forseti, varaforseti, gjaldkeri og ritari haldið 39 fundi. Fundi framkvæmdaráðs hafa einnig setið, eftir atvikum, formenn fagráða, formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri. Auk ofangreindra funda hafa verið haldnir fjöldi óformlegra funda.





Viðar Garðarsson



Þórey Edda Elísdóttir



Þráinn Hafsteinsson



Örn Andrésón

Viðar Garðarsson er fæddur 1962. Viðar er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands. Hann hefur lengst starfað á eigin vegum sem kvikmyndaframleiðandi og markaðsráðgjafi en starfar í dag sem markaðsstjóri sprotafyrirtækisins Tamar ehf. Viðar var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2017 og situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Viðar var formaður Skautasambands Íslands 1999 til 2002 og formaður íshokkídeildar Skautasambandsins frá 2003 til 2004. Hann er fyrsti formaður íshokkísambands Íslands við stofnun þess árið 2004 og sat í því embætti fram að Íþróttáþingi ÍSÍ 2017 eða í 14 ár. Viðar var samfleytt í stjórnarstörfum fyrir íshokkíhreyfinguna í 25 ár. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, körfuknattleikur og íshokkí.

Þórey Edda Elísdóttir er fædd 1977. Þórey Edda er verkfræðingur að mennt og starfar við verkfræðiráðgjöf á Hvammstanga. Þórey Edda sat í Íþróttamannanefnd Evrópska frjáls-

Íþróttasambandsins 2002-2006, sat í stjórn Samtaka íslenskra Ólympíufara 2009-2015 og hefur verið í stjórn USVH frá árinu 2015. Hún hefur setið í framkvæmdastjórn ÍSÍ frá árinu 2015, fyrst í varastjórn í tvö ár en síðar sem aðalmaður. Þann tíma hefur hún einnig setið í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Þórey Edda hefur verið formaður nefndar um afreksíþróttamiðstöð síðan 2017.

Íþróttalegur bakgrunnur: Fimleikar og frjálsíþróttir.

Þráinn Hafsteinsson er fæddur 1957. Þráinn er íþrótt- og heilsufræðingur með MSc gráðu frá Háskóla Íslands og starfar hjá Reykjavíkurborg. Þráinn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2017 og er formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Hann er fyrrverandi Íslandsmethafi í tugbraut, var þjálfari frjálsíþróttaliðs Alabama háskóla í Bandaríkjunum 1984-1986, yfirþjálfari í frjálsíþróttum hjá HSK á árunum 1986-1994 og hjá ÍR frá 1994-2016. Landsliðsþjálfari í frjálsíþróttum

frá 1993-1995 og íþróttastjóri ÍR frá 2014-2018. Hann starfaði við Íþróttakennaraskóla Íslands og Íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík um árabíl og er nú stundakennari við námsbraut í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands.

Íþróttalegur bakgrunnur: Frjálsíþróttir, knattspyrna og handknattleikur.

Örn Andrésón er fæddur 1951. Örn rekur eigið fjárfestingarfélag. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996. Hann er formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og formaður Tölvunefndar ÍSÍ. Hann var formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og hefur sinnt ýmsum verkefnum innan sambandsins. Örn sat samfelt í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 30 ár en hann var einnig formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár og formaður Borðtennis-sambands Íslands.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir og badminton.



Andri Stefánsson



Brynja Guðjónsdóttir



Elías Atlason



Halla Kjartansdóttir



Hrönn Guðmundsdóttir



Kristín Ásbjarnardóttir



Kristín Birna Ólafsdóttir



Linda Laufdal



Líney Rut Halldórsdóttir



Ragna Ingólfssdóttir



Ragnhildur Skúladóttir



Steinunn A. Í. Tómasdóttir



Viðar Sigurjónsson



Þórarinn Alvar Þórarinsson



Örvar Ólafsson

## Skrifstofa ÍSÍ

Á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík starfa 14 starfsmenn og á Akureyri er einn starfsmaður í fullu starfi. Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist í þrjú fagsvið; Afreks- og Ólympíusvið,

Þróunar- og fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfslíði ÍSÍ frá síðasta Íþróttáþingi ÍSÍ. Magnús Gunnlaugur Þórarinsson verkefnastjóri Almenn-

ingsíþróttasviðs ÍSÍ lét af störfum á tímabilinu. Nýr verkefnastjóri sviðsins er Kristín Birna Ólafsdóttir. Einnig hóf störf Brynja Guðjónsdóttir verkefnastjóri á Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ.



## 73. Íþróttaping ÍSÍ 2017



Framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017-2019.

73. Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Reykjavík 5. og 6. maí 2017. Setningarathöfn þingsins var með hefðbundnum hætti með ávarpi forseta ÍSÍ, Lárusar L. Blöndal. Sigurjón Pétursson og Ólafía Rafnsdóttir voru kjörnir þingforsetar. Þingritarar voru Viðar Sigurjónsson og Magnús G. Þórarinsson. Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra og Haukur Valtýsson formaður UMFÍ ávörpuðu þingið.

Í upphafi þings voru kosnir þrír Heiðursfélagar ÍSÍ, þau Helga H. Magnúsdóttir, Jón G. Zoëga og Júlíus Hafstein. Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ við setningu þingsins. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, kynnti skýrslu framkvæmdastjórnar og Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, kynnti endurskoðaða reikninga.

Fulltrúar íþróttamanna á þinginu voru þau Kári Steinn Karlsson, Eva Hannesar dóttir, Sigurður Atlason og Sigríður Árnadóttir.

Fjórar nefndir störfuðu á þinginu, þ.e. fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, laganefnd og þingnefnd til að fjalla um afreksmál. Nefndarstörf fóru fram í fundarsölum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal að kvöldi 5. maí. Á laugardeginum var þingstörfum framhaldið.



Árni Þór Árnason, Guðmundur Þ. Harðarson og Steinar J. Lúðvíksson voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.



Helga H. Magnúsdóttir, Jón G. Zoëga og Júlíus Hafstein voru kosin Heiðursfélagar ÍSÍ.



Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands var sæmdur Heiðurskrossi ÍSí.



Helga Steinunn og Ingibjörg voru sæmdar Heiðurskrossi ÍSí og Gunnlaugur var sæmdur Gullmerki ÍSí.

Samþykktar tillögur og staðfest lög ÍSí er að finna á heimasíðu ÍSí.

Seinni þingdaginn, þann 6. maí, voru þeir Árni Þór Árnason, Guðmundur Þ. Harðarson og Steinar J. Lúðvíksson sæmdir Heiðurskrossi ÍSí fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Einnig var Jón Kaldal útnefndur í Heiðurshöll ÍSí.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSí var einn í kjöri til forseta ÍSí og var kjör hans staðfest með dynjandi lófaklappi. Í framkvæmdastjórn voru eftirtaldir

sjálfkjörnir þar sem ekkert mótframboð barst: Framkvæmdastjórn ÍSí (til fjögurra ára): Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarson, Þórey Edda Elísdóttir og Þráinn Hafsteinsson.

Framkvæmdastjórn ÍSí (til tveggja ára): Ása Ólafsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnbogason og Örn Andrésen.

Úr stjórn gengu Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnlaugur A. Júlíusson og Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir. Þær Helga Steinunn og Ingibjörg, sem áttu sæti í framkvæmdastjórn ÍSí í riflega áratug, voru sæmdar Heiðurskrossi ÍSí og Gunnlaugur, sem átti sæti í stjórn ÍSí í 6 ár, lengst af í varastjórn ÍSí, var sæmdur Gullmerki ÍSí við lok þings.



Jón Kaldal var útnefndur í Heiðurshöll ÍSí. Fjölskylda Jóns tók við viðurkenningunni.



Frá Formannafundi ÍSí árið 2017.



Frá Formannafundi ÍSí árið 2018.

## Formannafundir ÍSí

Formannafundur ÍSí er samkvæmt lögum ÍSí ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSí upplýsir formenn og framkvæmdastjóra sambandsaðila ÍSí um starfsemi sambandsins á milli íþróttapinga. Formanna-

fundur er haldinn í nóvember ár hvert og er alltaf vel sóttur af sambandsaðilum ÍSí.

Í tengslum við Formannafund ÍSí árið 2017 var haldinn óformlegur samráðsfundur héraðssambanda og íþrótt-

bandalaga um sameiginleg hagsmunamál en í tengslum við fundinn 2018 var haldin ráðstefna ÍSí um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar. Var hún afar vel sótt og þótti takast vel.

## Íþróttanefndir ÍSí

Íþróttanefndir ÍSí eru nú fimm talsins; Bandýnefnd, Bogfiminefnd, Klifurnefnd, Krullunefnd og Skvassnefnd. Klifurnefnd var stofnuð árið 2018. Nefndirnar starfa undir lögum ÍSí og markmið þeirra er að vinna að eflingu viðkomandi íþróttagreinar þar til hún uppfyllir lögbundnar kröfur til stofnunar sérsambands.

## Dómsmál

Dómstóll ÍSí fékk til sín 22 mál frá síðasta íþróttapingi og voru þau öll tekin fyrir hjá Dómstól ÍSí. 6 málum var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSí. Bent er á að hægt er að lesa dómsúrskurði hjá dómstólum ÍSí á vefsíðu ÍSí, [www.isi.is](http://www.isi.is).

## Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSí

Viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSí eru sem stendur 52 talsins.

Aikido	Fallhlífastökk	Hafnabolti	Júdó	Mjúkbolti	Skvass
Akstursíþróttir	Fimleikar	Handknattleikur	Karate	Ólympískar lyftingar	Skyldingar
Amerískur fánafótbolti	Fisflug	Hestaíþróttir	Keila	Ólympískir hnefaleikar	Snjósleðaíþróttir
Badminton	Frisbííþróttir sem falla undir World	Hjólaskautaat (Roller Derby)	Klifur	Rathlaup	Sund
Bandý	Flying Disc Federation (WFDF)	Hjólreiðaíþróttir	Knattspyrna	Rugby 7 og 15	Svifflug
Blak	Frjálsíþróttir	Íshokki	Kraftlyftingar	Siglingar	Taekwondo
Bogfimi	Glíma	Íþróttir fatlaðra	Krulla	Skíðaíþróttir	Tennis
Borðtennis	Golf	Jiu Jitsu (ekki Brazilian Jiu Jitsu)	Körfuknattleikur	Skotíþróttir	Vélhjólaiþróttir
Dansíþróttir			Listskautar		Wushu (5 greinar)
					Þríþraut

# Heiðranir

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands heiðrar á ári hverju einstaklinga sem hafa unnið fórnfúst og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Eftirtaldar viðurkenningar hafa verið veittar frá síðasta ársþingi:

## Heiðursfélagar

Helga H. Magnúsdóttir  
Jón G. Zoëga  
Júlíus Hafstein

## Heiðurskross ÍSÍ

Árni Þór Árnason  
Guðmundur Þ. Harðarson  
Helga Steinunn Guðmundsdóttir  
Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir  
Kjartan Steinbach  
Ólafur Ragnar Grímsson  
Steinar J. Lúðvíksson  
Valgerður Auðunsdóttir

## Gullmerki ÍSÍ

Alfreð Gíslason, KA/HSÍ  
Árni Ólason, Höttur/KSÍ/ÍSÍ  
Ásgeir Bjarnason, LSÍ  
Ásta M. Kristjánsdóttir, TSÍ  
Ásta Óskarsdóttir, HSÍ  
Ásgrímur Guðmundsson, Víkingur  
Bjarnveig Ingvadóttir, UMSE  
Björn Hafþór Guðmundsson, UÍA/Súlan  
Eydis Línal Finnbogadóttir, Karatefélag Akraness  
Eyþór Benediktsson, HSH/Golfkl.  
Mostrí  
Fríða Rún Þórðardóttir, ÍSÍ/FRÍ  
Gígja Gunnarsdóttir, ÍSÍ/ÍBR  
Guðjón Jónsson, Fram  
Guðjón L. Sigurðsson, HSÍ  
Guðný Helgadóttir, UÍF  
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, HSV  
Guðrún Inga Sívertsen, KSÍ/Próttur R.  
Gunnar Svanlaugsson, HSH  
Gunnlaugur Júlíusson, ÍSÍ/FRÍ  
Hannes S. Jónsson, KKÍ  
Helga Jóhannesdóttir, Umf. Afturelding  
Hrefna G. Torfadóttir, KA  
Ingibjörg Ragnarsdóttir, KA  
Ingvar Sverrisson, ÍBR  
Jason Ívarsson, BLÍ  
Jóhannes Ólafsson, KSÍ/ÍBV  
Jón Friðrik Benónýsson, HSP  
Ólafur Oddur Sigurðsson, GLÍ

Páll Kolbeinsson, KKÍ  
Petur Elias Petersen, ÍSF  
Reinharð Reinharðsson, KAÍ  
Rikharður Hrafnkelsson, KKÍ/Golfkl.  
Mostrí  
Sigríður Bjarnadóttir, Glóð  
Sigurður Haraldsson, FRÍ/FH  
Sigurður Arnar Sigurðsson, ÍA  
Stefán Hilmarsson, Fram  
Stefán Jóhannsson, BLÍ  
Trausti Gylfason, Sundfélag Akraness  
Viggó Jónsson, UMSS/Tindastóll  
Vignir Már Þormóðsson, KSÍ  
Þorbjörg Gunnarsdóttir, HSÍ/Fram  
Þorsteinn Þorsteinnsson, FRÍ  
Þór Björnsson, Fram  
Örn Guðnason, UMFÍ/HSK

## Silfurmerki ÍSÍ

Ásta Sigrún Gylfadóttir, BLÍ/HK  
Baldvin Kristinn Baldvinsson, HSP/Þjálfari  
Birgir Guðmundsson, Skotf. Snæfellsness  
Björg Ágústsdóttir, FRÍ/HSH/Umf.  
Grundarfjarðar  
Björn Einarsson, Víkingur  
Bryndís Karlsdóttir, UDN  
Ellen Dröfn Björnsdóttir, DÍK  
Erlingur Kristjánsson, KA  
Fanneý Ólafsdóttir, Þjótandi/Vaka  
Geirarður Long, Umf. Afturelding  
Guðmunda Ólafsdóttir, Þjótandi  
Gunnar Garðarsson, KA  
Gústaf Jökull Ólafsson, UDN

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, ÍA  
Hilmar Hauksson, Víkingur Ó.  
Hilmar Júlíusson, Stjarnan  
Hjálmar Jens Sigurðsson, Sindri  
Hlíf Bryndís Herbjörnsdóttir, Súlan/Neisti  
Hlynur Chadwick Guðmundsson, Umf. Afturelding  
Ingvar Samúelsson, UDN  
Jóhanna M. Hjartardóttir, Þór Þ.  
Jóhanna Sigrún Árnadóttir, UDN  
Jón Ólafur Valdimarsson, BLÍ/Próttur R.  
Jón Pálsson, Umf. Afturelding  
Jón Þór Þórðarson, ÍA  
Karl Jóhann Jóhannsson, Skotf. Snæfellsness  
Kolbrún Ívarsdóttir, Mývetningur  
Kristján Stefánsson, Golfkl. Mývatns-sveitar  
Kristmundur Sumarliðason, Víkingur Ó.  
Lóa Björk Hallsdóttir, FRÍ  
Magnús Ásgrímsson, Umf. Leiknir  
María Valdimarsdóttir, Umf. Snæfell  
Nanna Guðmundsdóttir, Víkingur  
Ólafur Már Hreinsson, DSÍ  
Sigríður Jóhannesdóttir, KA  
Stefán Ragnar Jónsson, LSÍ  
Svanborg Guðbjörnsdóttir, UDN  
Sævar Már Guðmundsson, BLÍ  
Unnsteinn Guðmundsson, Skotf. Snæfellsness  
Vilhjálmur J. Árnason, Víkingur  
Þórður Hjörleifsson, Víkingur



Hannes S. Jónsson, Jóhanna M. Hjartardóttir, Hilmar Júlíusson, Páll Kolbeinsson og Hafsteinn Pálsson á ársþingi KKÍ í mars 2019.



Ásta Sigrún Gylfadóttir, Sævar Mór Guðmundsson, Stefán Jóhannsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSí.



Árni Ólason og Magnús Ásgrímsson ásamt Inga Þór úr framkvæmdastjórn ÍSí á ársþingi UÍA í apríl 2018.



Petur Elias Petersen, fyrrverandi forseti Íþróttasambands Færeyja, var sæmdur Gullmerki ÍSí 10. september 2017, í tengslum við Nordic Meeting 2017 í Þórshöfn í Færeyjum.



Ingvar Sverrisson og Gígja Gunnarsdóttir voru sæmd Gullmerki ÍSí á ársþingi ÍBR 2019.



Valgerður Auðunsdóttir var sæmd Heiðurskrossi ÍSí á héraðsþingi HSK 14. mars 2019.



Björg Ágústsdóttir var sæmd Silfurmerki ÍSí fyrir góð störf í þágu frjálsíþrotta á ársþingi HSH í apríl 2017.

## Heimsóknir til ÍSÍ

Árin 2017 og 2018 heimsóttu ýmsir skólahópar ÍSÍ og fengu fræðslu um uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og starfsemi Íþrótt- og Ólympíusambandsins. Það er alltaf gleðilegt að taka á móti áhugasömum

skólahópum og fræða þá um starfsemi og skipulag íþróttahreyfingarinnar. Einnig hafa nokkrir hópar komið hingað til lands undanfarin ár til þess að kynna sér umhverfi, skipulag og starfsemi íþróttá Íslandi. Víðtæk

þátttaka landsmanna í íþróttum og fagleg umgjörð íþróttahreyfingarinnar hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Hér gefur á að líta nokkrar svipmyndir frá heimsóknum síðastliðinna tveggja ára.



Líney Rut, Lárus og Jürg Stahl eftir fund sinn í september 2017.

### Sviss

Jürg Stahl, forseti Svissnesku Ólympíunefndarinnar, sem einnig gegnir embætti forseta neðri deildar svissneska þingsins, fundaði með Lárusi L. Blöndal forseta ÍSÍ og Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal í september 2017. Að ósk Jürg var farið yfir uppbyggingu og skipulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi en hann er mjög áhugasamur um íþróttir á Íslandi og þeim árangri sem Ísland hefur náð í íþróttum undanfarin ár.

### Alaska

Tólf manna sendinefnd frá Matanuska Susitna Borough í Alaska átti fund með fulltrúum ÍSÍ og ÍBR í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í október 2017. Sendinefndin kom hingað til að kynna sér hvernig staðið er að uppeldi barna- og unglinga og kynna sér forvarnarstarf hvers konar. Auk þess að fá kynningu á starfi íþróttahreyfingarinnar þá skoðaði sendinefndin íþróttamannvirki í Laugardal.



Tólf manna sendinefnd frá Alaska á fundi í Íþróttamiðstöðinni með fulltrúum ÍSÍ og ÍBR.



Ragnhildur Skúladóttir og Andri Stefánsson tóku á móti grænlensku gestunum. Sara Olsvig, Doris Jakobsen Jensen, Agathe Fontain, Julie Præst Wilche, Lone Nukaaraq Möller, Tine Pars og Inga Dóra Markusen, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.

### Grænland

Í nóvember 2017 heimsóttu þrjú grænlenskir ráðherrar og ráðuneytisstjórar þeirra skrifstofu ÍSÍ en um var að ræða hluta af heimsókn þeirra til Íslands til að kynna sér forvarnarstarfsemi á Íslandi. Góður árangur Íslands á íþróttasviðinu var kveikjan að heimsókn þeirra til ÍSÍ en áður hafði hópurinn kynnt sér fjölmörg íslensk verkefni sem tengjast börnum, ungmönnum, heimilum og skólastarfi. Hópurinn fékk kynningu á starfsemi ÍSÍ og þá sérstaklega á umfangi íþróttastarfsins á Íslandi og verkefnum stoðsviða ÍSÍ. Það voru þau Ragnhildur Skúladóttir, Hrönn Guðmundsdóttir og Andri Stefánsson, sviðsstjórar stoðsviða ÍSÍ, sem tóku á móti hópnum, en í kjölfar kynningar á starfi ÍSÍ átti hópurinn gott samtal um íþróttastarf á Íslandi og þau verkefni sem tengjast íþróttum barna og unglinga.



Stjórn og framkvæmdastjóri Íþróttasambands Grænlands (GIF) heimsótti höfuðstöðvar ÍSí ásamt því að fá kynningu á skipulagi og starfi Umf. Selfoss á Selfossi. Að auki funduðu þau með fulltrúum ÍSí þar sem farið var yfir það helsta í starfi ÍSí ásamt því að rædd voru ýmis íþróttatengd málefni. Stjórn GIF hefur áhuga á að efla enn frekar samstarfið á milli GIF og ÍSí og í þessari heimsókn voru ræddar ýmsar hugmyndir varðandi aukin samskipti á milli samtakanna.



Carsten Olsen framkvæmdastjóri, Bolethe Steenskov meðstjórnandi, Nuka Kleemann formaður, Ole Kielmann meðstjórnandi, Finn Meinel varaformaður og John Thorsen meðstjórnandi ásamt Höllu Kjartansdóttur.



Andri, Inagaki, Guðmundur, Líney, Hrafnhildur og Jón.

## Japan

Í apríl 2018 heimsótti Mr. Inagaki, blaðamaður frá japanska dagblaðinu Asahi Shimbun, ÍSí til að fræðast um íslenska íþróttahreyfingu. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, tóku á móti Inagaki, ásamt þremur af þeim fjórum Ólympíuförum sem tóku þátt í leikunum árið 1964. Það voru þau Guðmundur Gíslason og Hrafnhildur Guðmundsdóttir sem kepptu í sundi og Jón Þ. Ólafsson sem keppti í frjálsíþróttum. Þau áttu skemmtilegt spjall við blaðamanninn og sýndu honum myndir frá þátttöku þeirra í leikunum.

## Alþjóða Tennissambandið

Þróunarstjóri Alþjóða Tennissambandsins (ITF) í Evrópu, Vitor Cabral, kom í heimsókn til Tennissambands Íslands í júní 2018. Hann heimsótti ÍSí og fundaði m.a. með Ragnhildi Skúladóttur sviðsstjóra Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí, Örvari Ólafssyni verkefnastjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí ásamt stjórnarmönnum úr TSÍ. Ísland er það land innan Tennis Europe sem fjærst er meginlandinu og hefur aðeins þrjá innanhúss tennisvelli. Það er mikil áskorun við uppbyggingu nýs afreksfólks. Þrátt fyrir þetta hefur landið öflugna tenniskennslu fyrir alla og mikil áhersla er lögð á kennslu barna og ungmenna.



Vitor Cabral við tennisvelli Víkinga.

## Evrópuráðið

Dagana 12.-14. nóvember 2018 var stödd hér á landi fjögurra manna sendinefnd frá Evrópuráðinu, til að kynna sér umhverfi, skipulag og starfsemi íþróttá Íslandi. Hópurinn heimsótti höfuðstöðvar ÍSí, ásamt tveimur sérfræðingum úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hlýddu á kynningu um skipulag og umfang íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, almenningsíþróttaverkefni ÍSí, afreksíþróttamálefni og Ferðasjóð íþróttafélaga. Sendinefndin lýsti yfir ánægju sinni með víðtæka þátttöku landsmanna í íþróttum og faglega umgjörð íþróttahreyfingarinnar. Nefndinni fannst m.a. afar áhugavert að sjá tölfræði hreyfingarinnar, sem unnin er upp úr Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ. Góðar umræður urðu um verkefni ÍSí, starfsemi íþróttahreyfingarinnar, tækifæri og áskoranir sem hún stendur frammi fyrir.



Sendinefnd Evrópuráðsins skipuðu Michael Trinker, Zoran Verovnik, Liam McGroarty og Ewa Markowicz og voru þau í fylgd Óskars Þórs Ármannssonar og Valgerðar Þórunnar Bjarnadóttur sérfræðinga hjá ráðuneytinu. Halla Kjartansdóttir, Andri Stefánsson og Hrönn Guðmundsdóttir tóku á móti gestunum.



Benny Cullen og Colleen Devine frá Sport Ireland, ásamt fulltrúum frá ÍSí.

## Heimsókn Sport Ireland

Benny Cullen og Colleen Devine frá Sport Ireland fengu kynningu á starfsemi ÍSí og skipulagi íþróttahreyfingarinnar 7. mars 2019. Skipulag íþróttamála er nokkuð ólíkt á Íslandi og á Írlandi og sköpuðust líflegar umræður um íþróttaleg málefni á fundinum. Benny og Colleen þótti áhugavert með hvaða hætti haldið er utan um upplýsingar um íþróttahreyfinguna á Íslandi, með skráningum í Felix, félagakerfi ÍSí og UMFÍ.

## Ráðherraheimsóknir

ÍSí á í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra og starfsfólk ráðuneytisins um ýmis hagsmunamál er varða íþróttir í landinu og skipulag þar að lútandi. Bæði Kristján Þór Júlíusson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra

og Lilja Alfreðsdóttir núverandi mennta- og menningarmálaráðherra heimsóttu höfuðstöðvar ÍSí á tímabilinu 2017 og 2019. Ráðherrarnir fengu kynningu á starfsemi ÍSí og helstu verkefnum en einnig var rætt vítt og breitt um málefni íþróttá.



Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSí, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí, Kristján Þór Júlíusson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Ásta Magnúsdóttir ráðuneyttisstjóri og Óskar Þór Ármannsson sérfræðingur.



Hafþór Eide Hafþórsson aðstoðarmaður ráðherra, Örn Andrésón formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Óskar Þór Ármannsson sérfræðingur í ráðuneytinu og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSí.



Hópurinn sem tók þátt í Golfmóti SÍÓ 2017.



Afmælishóf SÍÓ 2017.

## Samtök íslenskra Ólympíufara – SÍÓ

Sjötti aðalfundur Samtaka íslenskra Ólympíufara (SÍÓ) var haldinn 17. október 2017 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Formaður SÍÓ Jón Hjaltalín Magnússon (handknattleikur ÓÍ 1972) var endurkjörinn. Þrjú Ólympíufarar gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu sem aðalmenn í stjórn, þeir: Jón Þ. Ólafsson (frjálsíþróttir, ÓÍ 1964 og 1968), Jakob Jóhann Sveinsson (sund, ÓÍ 2000, 2004, 2008 og 2012) og Konráð H. Ólafsson (handknattleikur, ÓÍ 1992), sem fjórði aðalmaður í stjórn var kjörinn Erla Dögg Haraldsdóttir (sund, ÓÍ 2008). Sem varamenn í stjórn voru kosnir: Guðmundur Jóhannsson (skíði, ÓÍ 1984) og Helga Sigurðardóttir (sund, ÓÍ 1992). Samtökin eru komin með eigin fjárhag. Guðmundur Gíslason (sund, ÓÍ 1960, 1964, 1968 og 1972) var kosinn sem skoðunarmaður ársreiknings samtakanna og Björgvin Björgvinsson (handknattleikur, ÓÍ 1972) til vara. Boðið var til móttöku 16. október 2017 til að fagna þátttöku í Ólympíuleikunum 1972 í München. Yfir 100 Ólympíufarar og gestir mættu til móttökunnar ásamt forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, sem ávarpaði samkomuna. Hilmar Björnsson þjálfari handknattleikslandsliðsins hélt erindi um Ólympíuleikana.

### Afmælishóf

Þá var boðið til móttöku 30. nóvember 2018 til að fagna 10 ára afmæli frá



Stjórn SÍÓ 2017

þátttöku á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og silfurverðlaunum handknattleikslandsliðsins. Samtök íslenskra Ólympíufara tileinkaði móttökuna aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands í samráði við afmælisnefnd aldarafmælis fullveldis Íslands. Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handknattleik, rifjaði upp eftiminnlega viðburði frá Peking 2008 og sérstaklega keppni handknattleikslandsliðsins. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson heiðraði samkomuna með nærveru sinni og flutti ávarp.

### Aðrir viðburðir

Golfmót SÍÓ voru haldin 2017 og 2018 í samvinnu við ÍSÍ, Golfsamband Íslands og Nesklúbbinn. Stjórn SÍÓ efndi til norræns fundar Ólympíufara í Reykjavík 15. ágúst 2017 með fulltrúum samtaka Ólympíufara frá Danmörku og Svíþjóð þar sem sameiginleg markmið og áhersluatriði hinna norrænu samtaka og heimsamtakanna (WOA) voru rædd. Í júní 2018 héldu Danir mótssvarandi norrænan fund Ólympíufara í tengslum við Ólympíudaga þeirra í Hróarskeldu. Helga Sigurðardóttir sótti þann fund fyrir SÍÓ. Svíar hafa boðað til norræns fundar í september 2019. Formaður SÍÓ sótti Alþjóðafund Heimssamtaka Ólympíufara (WOA). Stjórn SÍÓ efndi til Ólympíustofu 19. september 2017 þar sem Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur fjallaði um rannsóknir sínar á alþjóðlegum árangri Íslendinga í hópíþróttum.

## Íþróttamannanefnd ÍSÍ



Stjórn Íþróttamannanefndar ÍSÍ.

Að loknu síðasta Íþróttþingi ÍSÍ skipaði framkvæmdastjórn ÍSÍ eftirfarandi aðila í Íþróttamannanefnd ÍSÍ: Dominiqa Alma Belanyi (formaður), Jakob Jóhann Sveinsson, Kára Stein Karlsson, Ágústu Eddu Björnsdóttur og Sigurð Má Atlason. Helsta verkefni nefndarinnar hefur verið mótun framtíðarhlutverks nefndarinnar.



Forseti ÍSÍ og föruneysi með fulltrúum frá stjórn HSS og aðildarfélögum HSS.

## Hringferð forseta ÍSÍ

Forseti ÍSÍ, Lárus L. Blöndal, ásamt Sigríði Jónsdóttur varaforseta ÍSÍ, Hafsteini Pálssyni ritara ÍSÍ, Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra og Höllu Kjartansdóttur skrifstofustjóra heimsóttu starfssvæði Héraðsambands Strandamanna (HSS), Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN) og Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) í september 2017.

Heimsóknin til Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu hófst í Laugargerðisskóla. Mannvirkin á staðnum voru skoðuð en þar er íþróttahús og einnig sundlaug. Þaðan var ekið á Hellissand og mannvirkin þar skoðuð og í kjölfarið mannvirkin í Ólafsvík. Í Grundarfirði var fundað á Kaffi Emil með fulltrúum HSH, aðildarfélaga þess og oddvita sveitarfélagsins. Því næst var ekið til Stykkishólms og íþróttahús og sundlaug skoðuð, knattspyrnu- og frjálsíþróttaaðstaðan, aðstaðan fyrir hestaíþróttir og golfvöllurinn.

Á starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN) átti föruneysið góðan og gagnlegan fund með fulltrúum sambandsins og sveitarfélagsins í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, ásamt því að skoða



Í heimsókn á starfssvæði HSH.



Heimsókn forseta ÍSÍ til UDN.

mannvirkin í Búðardal og á Laugum í Sælingsdal.

Hópurinn hitti fulltrúa Héraðssambands Strandamanna (HSS) í golfskála Golfklúbbs Hólmavíkur þar sem farið var yfir starfsemi klúbbsins og uppbyggingu svæðisins. Síðan var ekið að skíðasvæði Skíðafélags Strandamanna þar sem mikil uppbygging hefur átt

sér stað undanfarin ár og íþróttamiðstöðin á Hólmavík heimsótt. Að lokum var fundað með fulltrúum sambandsins á Galdrasafninu á Hólmavík. Hópurinn frá ÍSÍ átti góðan tíma á starfssvæðum HSS, UDN og HSH og þakkar öllum sem komu að heimsókninni á einn eða annan hátt fyrir góða viðkyrningu og veitta aðstoð.





Jón Kaldal, barnabarn Jóns Kaldal, tók á móti viðurkenningunni á Íþróttapingi ÍSÍ 2017.

## Heiðurshöll ÍSÍ

Heiðurshöll ÍSÍ er óápreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við „Hall of Fame“ á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð ÍSÍ ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar. Með Heiðurshöll ÍSÍ vill ÍSÍ skapa vettvang til að setja á stall okkar framúrskarandi íþróttafólk og skapa minningar í máli og myndum um þeirra helstu afrek.

Á 73. Íþróttapingi ÍSÍ þann 6. maí árið 2017 var Jón Kaldal frjálsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Var hann sá sextándi sem útnefndur var í Heiðurshöllina.

Á hófi Íþróttamanns ársins 2017 var útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ í sautjándá sinn. Þá var það Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður sem var útnefndur í Heiðurshöllina.

Hreinn Halldórsson kúluvarpari var útnefndur í Heiðurshöllina á hófi Íþróttamanns ársins 2018.

Alls hafa 18 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöllina. Upplýsingar um Heiðurshöll ÍSÍ er að finna á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn meðlim.



Skúli Óskarsson við útnefninguna 2017.



Hreinn Halldórsson við útnefninguna 2018.



## Starfsskýrslur ÍSÍ

Samkvæmt lögum ÍSÍ þurfa héraðs-sambönd/íþróttabandalög, sérsambönd og íþrótt- og ungmennafélög að skila starfsskýrslum í gegnum Felix, tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur samanstanda af félagatali, iðkenda-tali, upplýsingum um stjórnar- og nefndarmenn sem og lykiltölum úr ársreikningum. Skil á starfsskýrslum ÍSÍ eru afar mikilvæg fyrir alla hreyf-inguna því með þeim fæst nauðsyn-leg yfirsýn yfir fjöldatölur og greining á samsetningu íþróttahreyfingar-innar, svo sem aldur og kyn. Einnig fæst yfirsýn yfir rekstur og fjárhag hreyfingarinnar á landsvísu. Slík yfirsýn er nauðsynleg þegar sýna þarf fram á umfang og starfsemi íþróttahreyfingarinnar, ekki síst í skilum til opinberra aðila vegna samninga og fjárframlaga til hreyfingarinnar.

## Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð íþróttahreyfingarinnar í landinu. Öll sérsambönd ÍSÍ, utan KSÍ, SKÍ og SKY, eru með aðstöðu í miðstöðinni, auk Íþróttabandalags Reykjavíkur, Ungmennasambands Kjalarnesþings, Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna. Í miðstöðinni er rekin öflug kaffitería, Café Easy, sem þjónar starfseminni í miðstöðinni, bæði sem mötuneyti

og þjónustuaðili fundarsala. Ingiberg Baldursson veitingamaður og starfsfólk hans hjá Stjórnuveitingum sjá um rekstur Café Easy og fara með umsjón fundarsala ÍSÍ. Nokkrar tilfærslur hafa orðið á skrifstofum sérsambanda í miðstöðinni.

Mikil þörf er á meira húsnæði undir starfsemi ÍSÍ, skrifstofur sambandsaðila og geymslur þar sem öll rými í miðstöðinni eru fullnýtt.

## Samningur við Air Iceland Connect

Samningur er í gildi á milli ÍSÍ og Air Iceland Connect (AIC) um afslátt á flugfargjöldum innanlands. Svokölluð ÍSÍ-fargjöld hafa verið lögð af fyrir einstaklinga en í staðinn er notast við inneignarkóða fyrir einstaklingsfargjöld sem gilda upp í allar tegundir fargjalda AIC sem í boði eru á bókunarsíðu AIC. Eftir sem áður mun bókadeild AIC sjá um bókanir og afgreiðslu fyrir íþróttahópa. Hvetur ÍSÍ sambandsaðila sína að nýta samninginn eins og kostur er. Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connect er að finna á vefsíðu ÍSÍ.



Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ og Grímur Gíslason forstöðumaður markaðs- og sölusviðs AIC við undirritun samnings.



## Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvakerfi íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og heldur utan um skráningar á íþróttaiðkendum á Íslandi. Kerfið er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega og var fyrst tekið í notkun árið 2004. Í lok ársins 2015 var hafist handa við að hanna nýtt Felix kerfi og var það tekið í notkun í byrjun árs 2017. Kerfið er m.a. notað til að senda inn starfsskýrslur til ÍSÍ sem sambandsaðilum ber að skila fyrir 15. apríl ár hvert. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar af því að á þeim byggir tölfraði íþróttahreyfingarinnar. Þá geta sambandsaðilar sótt sína eigin tölfraði inn í kerfið, sem getur m.a. nýst við stefnumótun eða til þess að fylgjast með þróun íþróttaiðkunar og félagsþátttöku innan viðkomandi einingar. Kerfið hefur verið sambandsaðilum til notkunar endurgjaldslaust.

UPPLÝSINGAR, FRÉTTIR,  
FRÆÐSLA, MYNDBÖND OG MYNDIR

## FYLGSTU MEÐ

### FACEBOOK



11.000 fylgjendur

@isliceland

### INSTAGRAM



1215 fylgjendur

@isliceland

### ISSUU



90 rafræn skjöl

/Ithrotta- og  
Ólympíusambands Íslands

### VIMEO



300 myndbönd

@isliceland

### SMUGMUG



Myndefni ÍSÍ

[www.myndir.isi.is](http://www.myndir.isi.is)

[www.isi.is](http://www.isi.is)



# Lyfjaeftirlit Íslands

Starfsemi lyfjaeftirlits á Íslandi var færð í sérstaka sjálfseignarstofnun snemma árs 2018 þegar Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ skrifuðu undir skipulagsskrá Lyfjaeftirlits Íslands (LÍ). Um haustið var fyrsti fundur stjórnar LÍ en í henni sitja Skúli Skúlason (formaður), Áslaug Sigurjónsdóttir, Erna Sigríður Sigurðardóttir og Helgi Freyr Kristinsson. Með því tók Lyfjaeftirlit Íslands við eftirlitshlutverki Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands. Þó leggur ÍSÍ starfseminni áfram til aðstöðu og skilgreinda þjónustu. Lyfjaeftirlit Íslands skipuleggur og framkvæmir lyfjaeftirlit á Íslandi, og birtir og kynnir bannlista um þau efni sem óheimilt er að nota í íþróttum. Lyfjaeftirlit Íslands sinnir einnig fræðslu og forvörnum gegn lyfjamisnotkun og stendur reglulega fyrir fræðslufyrirlestrum um lyfjamál í háskólum, framhaldsskólum, sérsamböndum og íþróttafélögum. Þá tekur LÍ þátt í alþjóðlegu sam-



Fyrsta stjórn Lyfjaeftirlits Íslands.

starfi í tengslum við baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum og sinnir eftirliti í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands sem fram koma í alþjóðasamningum UNESCO um lyfjaeftirlit og lyfjaeftirlitssamningi Evrópuráðsins.

Starfsemi lyfjaeftirlitsins breyttist ekki mikið í grunninn en þó hafa nefndarstörfin verið endurskipulögð. Það sem áður hét Lyfjaráð ÍSÍ er nú ákærunefnd Lyfjaeftirlits Íslands, og fer hún með meðferð niðurstaðna og málsmeðferð þegar um jákvæð lyfjapróf er að ræða. Einnig var



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ við undirritun skipulagsskrár Lyfjaeftirlits Íslands.

skipuð sérstök undaþágunefnd en í henni eru læknar sem fjalla um undanþáguumsóknir (TUEs), en þeir heyrðu áður undir Lyfjaráð ÍSÍ. Ný vefsíða Lyfjaeftirlits Íslands er [www.lyfjaeftirlit.is](http://www.lyfjaeftirlit.is).







Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Dr. Skúli Skúlason stjórnarformaður Lyfjaeftirlits Íslands undirrita samning milli stofnunarinnar og ráðuneytisins um starfsemi þess og fjármögnun.

## Fræðslumál

Lyfjaeftirlit Íslands (LÍ) stendur reglulega fyrir fræðslufyrirlestrum um lyfjamál. Ráðgert er að nýta nýjar gagnvirkar tæknilausnir (t.d. netfræðslu) í

fræðslumálum í samvinnu við Alþjóðalyfjaeftirlitið World Anti-Doping Agency (WADA). Með því er hægt að ná til breiðari hóps á skilvirkari hátt með minni kostnaði.

Lyfjaeftirlit ÍSÍ hélt málþing í tengslum við Reykjavíkurlæskana (RIG) 2017 þar sem fjallað var um rannsóknir sem sýndu að fæðubótarefni innihalda stundum efni á bannlista WADA og að innihaldslýsingar þeirra eru oft rangar. Það er mikilvægt að íþróttafólk hafi ætíð í huga að það ber alltaf sjálft ábyrgð á því sem það neytir og getur átt á hættu að falla á lyfjaprófi vegna neyslu fæðubótarefna. Margt íþróttafólk tekur inn fæðubótarefni og telur að það hjálpi því að ná árangri í íþróttinni en fæðubótarefni geta þó verið hættuleg, bæði fyrir íþróttafólk og hinn almenna neytanda.

## Samvinna við líkamsræktarstöðvar

Starfsfólk og nefndarfólk lyfjaeftirlitsins hafa síðan snemma á árinu 2018 unnið náið með norska lyfjaeftirlitinu

við að koma á samstarfi við líkamsræktarstöðvar og hafa til að mynda haldið sameiginlegt málþing undir formerkjunum „Lyf og lýðheilsumál“.

Búið er að leggja grunninn að herferð gegn lyfjamisnotkun meðal almennings, þ.e. utan skipulagðra íþróttar. Notkun ólögglegra frammistöðubætandi efna einskorðast ekki við skipulagðar íþróttir heldur á sér stað á öllum aldri og í öllum stéttum samfélagsins. Líkamsræktarstöðvar sem hafa lýst yfir afstöðu gegn lyfjamisnotkun munu taka þátt í aðgerðum sem hafa það að markmiði að sporna við þeirri þróun að fleira og fleira ungt fólk byrjar að nota ólögleg frammistöðubætandi efni til þess að öðlast útlitsbætandi áhrif og skjótari árangur. Til stendur að norska lyfjaeftirlitið og LÍ geri með sér samning um samnýtingu á forvarnar- og fræðsluefni og uppsetningu netfræðslu fyrir líkamsræktarstöðvar á Íslandi. Fulltrúar LÍ hafa einnig fundað með Embætti landlæknis vegna samvinnu í fræðslumálum í framtíðinni og hefur embættið tekið vel í slíkt samstarf.





Íþróttamenn og íþróttakonur sérgreina ÍSÍ 2017.

## Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna (SÍ) fór fram í Hörpu 28. desember 2017. Íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ voru þar heiðruð með veglegum bikurum sem gefnir voru af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir kylfingur var útnefnd Íþróttamaður ársins 2017 af SÍ. SÍ veittu einnig viðurkenningu til Þjálfara ársins 2017, Heimis Hallgrímssonar landsliðsþjálfara í knattspyrnu

karla og til Liðs ársins 2017, karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu. Þann 29. desember 2018 fór hófið einnig fram í Hörpu. Íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ voru þar heiðruð líkt og áður og má finna á vefsíðu ÍSÍ frekari upplýsingar um þá sem hafa hlotið þá nafnbót. Sara Björk Gunnarsdóttir landsliðsfyrirliði í knattspyrnu og leikmaður Wolfsburg í Þýskalandi var útnefnd Íþróttamaður ársins 2018

af SÍ. Titillinn Þjálfari ársins 2018 hlaut Kristján Andrésson þjálfari sænska karlalandsliðsins í handknattleik og Lið ársins 2016 var landslið Íslands í golfi sem varð Evrópumeistari á árinu. Árið 2017 var í fyrsta sinn sjónvarpað beint frá afhendingu viðurkenninga til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda ÍSÍ og var það einnig gert árið 2018. Útsendingarnar voru sýndar á aukarás RÚV.



Íþróttamenn og íþróttakonur sérgreina ÍSÍ 2018.




# Ólympíufjölskylda ÍSÍ

Ólympíufjölskylda ÍSÍ hefur til margra ára stutt dyggilega við bakið á ÍSÍ og íslenskri íþróttahreyfingu, með það að markmiði að efla íslenskt íþróttalíf og þátttöku Íslands á erlendum vettvangi.

Fyrirtækin sem mynda Ólympíufjölskyldu ÍSÍ 2017-2020 eru Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota á Íslandi og Valitor. Fyrirtækin í Ólympíufjölskyldunni koma einnig að einstökum

árlegum verkefnum ÍSÍ sem tengjast almenningsíþróttum sem og afreksíþróttum.



## Til stuðnings góðum málstað

Árið 2018 var sérlega gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum. Stöðugleiki í sölu og rekstri Getspár hefur verið einstaklega góður undanfarin ár. Þetta er nefnt hér sérstaklega vegna þess að rekstur sem þessi er almennt ekki svona stöðugur. Lottópottar hvekkja viku lifa sjálfstæðu lífi, ef svo má segja, því að enginn veit hvort að þeir gangi út eður ei. Með öflugum kostnaðareftirliti og lifandi markaðsstarfi hefur tekist að halda rekstrinum stöðugum. Rekstur Íslenskra getrauna er mun viðkvæmari vegna erlendra ólöglegar spilunar. Bæði fyrirtækin starfa í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem yfirvöld láta erlenda ólöglega spilun óáreiða á sama tíma sem fjölmargar Evrópuþjóðir hafa hert verulega á eftirliti með slíkri starfsemi og jafnvel lokað fyrir möguleika á að kaupa leiki þeirra. Getraunir hafa á undanförunum árum fundið fyrir vaxandi samkeppni frá erlendum fyrirtækjum, án leyfis á Íslandi, sem bjóða upp á íþróttgetraunir á Íslandi og þó að vel hafi tekist til í rekstri Getrauna á síðasta ári, eru hættumerki á lofti. Þessi fyrirtæki greiða hvorki skatta né skyldur hér á landi. Framlag þeirra til samfélagsins er ekkert. Fyrirséð er að þessi fyrirtæki munu hafa nei-

kvæð áhrif á rekstur Getrauna verði ekkert að gert. Það er því mikilvægt að forystufólk í íþróttahreyfingunni upplýsi aðildarfélög og félagsmenn um mikilvægi Getspár – Getrauna fyrir íþróttahreyfinguna.

Gríðarlega miklar breytingar hafa orðið á leikjamarkaði á undanförunum árum. Í raun sér ekki fyrir endann á þeirri öru þróun sem í gangi er. Íslensk getspá hefur staðið í stórræðum hvað endurnýjun á tækni og búnaði varðar. Frá ákvörðunartöku árið 2012 til dagsins í dag hefur fyrirtækið innleitt nýjar lausnir á hverju ári. Með skynsemi og útsjónarsemi hefur tekist að fjármagna að fullu þessar miklu breytingar án þess að eignaraðilar hafi þurft að þola niðurskurð á framlögum. Og nú á vormánuðum sér loks fyrir endann á þessu ferli þegar innleitt verður nýtt stjórnkerfi sölukerfis. Áfram verður þó fylgst vel með þróun hvað tækniframfarir varðar.

Fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár eru þeir Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason. Aðrir stjórnarmenn eru Bergur Þorri Benjamínsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Örn Guðnason frá Ungmennafélagi Íslands. Fulltrúi ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Hafsteinn



[WWW.GETRAUNIR.IS](http://WWW.GETRAUNIR.IS)

Pálsson. Aðrir í stjórn eru Geir Þorsteinsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR, Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins.

Stöndum saman um að verja hagsmunum íþróttahreyfingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málstað sem við viljum verja í þágu íþróttar, öryrkja og ungmenna.

# Ferðasjóður íþróttafélaga

Á árinu 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSÍ og var ÍSÍ falin umsjón og umsýsla sjóðsins. Sjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks. Árlaga, í febrúar/mars, er styrkjum vegna keppnisferða ársins á undan úthlutað. Styrkurinn er greiddur beint til viðkomandi íþróttafélaga og deilda. Vinnuhópur ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga gerir tillögu að árlegri úthlutun

til framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem staðfestir endanlega úthlutun í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrki úr sjóðnum vegna keppnisferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót hvers árs.

Til úthlutunar vegna keppnisferða árið 2017 voru 127 milljónir króna. Alls bárust 250 umsóknir til sjóðsins vegna 2.972 ferða, frá 129 íþróttafélögum úr 21 íþróttahéraði af 25. Heildarkostnaður umsókna var kr. 466.663.237,-.

Til úthlutunar vegna keppnisferða ársins 2018 voru 127 milljónir króna. Alls bárus 278 umsóknir til sjóðsins vegna 2.987 ferða, frá 135 íþróttafélögum úr 22 íþróttahéruðum af 25. Heildarkostnaður umsókna var kr. 499.127.608,-.

Óhætt er að segja að Ferðasjóður íþróttafélaga hafi skipt sköpum í starfsemi margra íþróttafélaga undanfarinn rúman áratug, ekki síst á landsbyggðinni. Íþróttahreyfingin er þakklát ríkisvaldinu fyrir góðan stuðning við þetta stóra hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í landinu.

Íþróttahérað	Úthlutun 2018	Úthlutun 2017
HSB	40.471	0
HSH	3.503.040	3.047.875
HSK	3.853.454	3.692.935
HSS		22.806
HSV	8.794.296	10.191.688
HSP	5.003.988	4.522.277
ÍA	815.918	1.181.801
ÍBA	30.577.430	29.993.437
ÍBH	4.122.840	2.869.112
ÍBR	14.972.634	14.434.905
ÍBV	10.575.294	12.203.727
ÍRB	2.330.052	2.281.960
ÍS	2.169.076	2.107.364
UMSB	228.650	48.392
UMSE	910.196	832.572
UMSK	8.701.328	9.595.816
UMSS	6.819.411	4.961.372
USAH	12.162	14.296
USVH	1.161.804	836.259
USÚ	4.330.044	5.909.373
UÍA	16.818.090	17.326.598
UÍF	1.258.731	924.259
<b>126.998.909</b>	<b>126.998.824</b>	

Íþróttagrein	Úthlutun 2018	Úthlutun 2017
Akstursíþróttir	0	30.403
Badminton	203.984	137.847
Blak	9.911.923	9.405.066
Bogfimi	103.209	97.209
Borðtennis	114.578	31.675
Fimleikar	5.329.776	5.276.408
Frjálsíþróttir	1.549.887	583.525
Glíma	206.643	157.590
Golf	929.209	1.049.169
Handknattleikur	21.960.364	23.642.620
Hestaíþróttir	44.722	45.412
Hjólreiðar	176.386	0
Íshokkí	3.843.217	2.789.096
Íþróttir fatlaðra	688.105	506.006
Júdó	268.142	102.758
Karate	82.553	97.849
Keila	722.484	633.707
Klifur	0	0
Knattspyrna	57.612.643	61.642.354
Kraftlyftingar	0	137.588
Körfuknattleikur	21.068.035	18.562.113
Lyftingar	0	16.496
Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttir	21.750	0
Siglingar	12.356	72.406
Skautaiþróttir	284.567	227.766
Skotfimi	76.076	227.873
Skíðaíþróttir	1.438.230	1.290.708
Sund	350.070	235.180
<b>126.998.909</b>	<b>126.998.824</b>	

## Afrekssjóður ÍSÍ

Breytingar á umhverfi Afrekssjóðs ÍSÍ hafa gengið vel og virðist vera sátt um núverandi kerfi. Ný reglugerð var mótuð fyrir Afrekssjóð ÍSÍ á árinu 2017 og fól hún í sér breytt vinnulag varðandi umsóknir og úthlutanir. Nánari vinna á sér nú stað milli sérsambands og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ þar sem umsóknir sérsambands fá rýni og ráðleggingar frá sviðinu áður en þær enda á borði sjóðsins. Ein helsta breytingin er þó sú að sérsambönd ÍSÍ eru flokkuð í þrjá afreksflokka samkvæmt viðmiðum sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur, en þau viðmið má finna í reglugerð sjóðsins. Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ í uppbyggingu afreksíþrótta á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun. Stuðningur sjóðsins felst í fjárfraumlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sérsambands. Með nýju vinnulagi leggur Afrekssjóður ÍSÍ áherslu á fagleg vinnubrögð sérsambanda og hluti af styrkjum sjóðsins eru til að efla þann þátt, fagteymisstuðning við íþróttafólkið og þátttöku í stærstu mótunum, þ.e. HM og EM. Sérsambönd fá ítarlegri upplýsingar en áður um mögulega styrki og það hjálpar öllum við að útbúa raunhæfari áætlanir og fara í þau verkefni sem eru á dagskrá samkvæmt aðgerðaráætlun og stefnu viðkomandi sérsambands. Afrekssjóður ÍSÍ hefur gefið út ársskýrslu um starfsemi og styrkveitingar 2017 og 2018 og má finna hana á vefsvæði sjóðsins á heimasíðu ÍSÍ. Þar má einnig finna samantekt á styrkveitingum síðustu ára og skýrslur sem tengjast starfsemi sjóðsins. Í upphafi ársins 2017 var ákveðið að veita um 150 m.kr. til sérsambanda og biðja með að úthluta 100 m.kr. þangað til búíð væri að móta nýjan ramma fyrir framtíðarúthlutanir sjóðsins. Á haustmánuðum 2017, þ.e.




Frá styrkveitingu úr Afrekssjóði ÍSÍ í október 2017. Karatekeppendur ásamt Lilju Sigurðardóttur, formanni Afrekssjóðs ÍSÍ, Líneyju Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ og Reinharði Reinharðssyni, formanni KAÍ.



Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, Hannes S. Jónsson formaður KKÍ og Guðbjörg Norðfjörð varaformaður KKÍ undirrituðu í september 2017 viðauka við samning ÍSÍ og KKÍ um viðbótarframlag úr Afrekssjóði ÍSÍ til sambandsins, að viðstöddum mennta- og menningarmálaráðherra Kristjáni Þór Júlíussyni og forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni.



Í tengslum við Paralympic daginn sem fram fór í Laugardalshöll í október 2017 var undirritaður samningur milli Afrekssjóðs ÍSÍ og ÍF. Á myndinni má sjá þau Andra Stefánsson, sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, Ásu Ólafsdóttur, varaformann Afrekssjóðs ÍSÍ, Jóhann Arnarson, varaformann ÍF og Halldór Sævar Guðbergsson, gjaldkera ÍF.



að loknu Íþróttáþingi ÍSÍ, var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar eftir nýjum reglum Afrekssjóðs ÍSÍ þar sem flokkun sérsambanda í afrekshópum hafði mikil áhrif á styrkuppþæðir. Ákveðið var að skipta því viðbótarframlagi þannig að 70% framlagsins færi til sérsambanda í A-flokki, 27% til sambanda í B-flokki og 3% til sambanda í C-flokki. Almennt

má segja að styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ fari nærri því að styrkja um þriðjung kostnaðs hvers sérsambands við afrekstarfið. Í umsóknum sérsambanda fyrir árið 2018 var áætlaður kostnaður þeirra sambanda sem hlutu styrk um 1.168 milljónir kr., en 28 sérsambönd hlutu styrk á árinu 2018 og nam styrkuppþæð um 350 m.kr.

## Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ

Frá árinu 2006 hefur ríkið styrkt rekstur sérsambanda ÍSÍ með árlegu framlagi. Framlagið var það sama árið 2017 og 2018 eða 95 milljónir króna hvort ár. Stuðningur þessi hefur skipt sköpum fyrir sérsamböndin og auðveldað þeim að ráða til sín starfsmann í fullt starf eða hlutastarf. Þrátt fyrir þennan góða stuðning er rekstrargrundvöllur margra sérsambanda veikburða og ljóst að gera þarf enn betur ef sérsamböndin eiga að geta staðið undir kröfum samfélagsins um faglegt starf.



Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri, Ásdís Sigurðardóttir framkvæmdastjóri UMSE, Bjarnveig Ingvadóttir formaður UMSE, Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Þorsteinn Marinósson fráfarandi framkvæmdastjóri UMSE og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ við afhendingu viðurkenningarinnar.



Ingibjörg Klara Helgadóttir formaður UMSS með viðurkenninguna frá ÍSÍ til UMSS sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.


## Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Fyrirmyndarhérað ÍSÍ er gæðaverkefni Íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi. Tvö íþróttahéruð, Ungmennasamband Eyjafjarðar og Ungmennasamband Skagafjarðar,

hafa hlotið viðurkenningu sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Fleiri íþróttahéruð eru í vinnuferli og stefna að því að fá þessa viðurkenningu á næstu mánuðum.



FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ



## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni þar sem íþróttafélög og deildir geta sótt um viðurkenningu til ÍSÍ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ÍSÍ setur. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn og þarf þá að sækja um endurnýjun hennar. Frá

Íþróttþingi 2017 hafa 35 viðurkenningar verið afhentar til Fyrirmyndarfélaga/-deilda ef endurnýjanir viðurkenninga eru taldar með. Að deildum meðtöldum hefur 301 viðurkenning verið veitt frá upphafi verkefnisins ef endurnýjanir eru taldar með. Fimmtán

héraðssambönd/íþróttabandalög eiga nú eitt eða fleiri Fyrirmyndarfélag ÍSÍ innan sinna raða. Alls eru 27 íþróttagreinar stundaðar innan Fyrirmyndarfélaga/deilda ÍSÍ.

## Þjálfaramenntun ÍSÍ

ÍSÍ býður upp á þjálfaramenntun í fjarnámi. Námið er í boði þrisvar á ári, á vorönn, sumarönn og haustönn. Það er almennur hluti þjálfaramenntunnarinnar sem kenndur er hjá ÍSÍ og gildir hann jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Alls luku 262 nemendur námi á 1., 2. eða 3. stigi almenns hluta árin 2017-2018. Verið er að þýða nýja bók um þjálfraæði til notkunar á öllum stigum námsins. Fjarnám 1. stigs ÍSÍ almennur hluti samsvarar áfanganum ÍPF 1024 í framhaldsskólum.



## Þjálfaramenntun sérsambanda

Sérgreinahluti þjálfaramenntunnar innan vébanda ÍSÍ er á vegum sérsambanda og er mislangt á veg kominn. Víða hefur mikil vinna farið fram við endurskipulagningu þessa þáttar hjá sérsamböndunum og eru mörg þeirra komin vel á veg og bjóða reglulega upp á sérgreinahluta námsins. Allir þjálfarar sem ætla að ljúka stigum í menntuninni þurfa að ljúka bæði almennum hluta hjá ÍSÍ og sérgreinahluta hjá viðkomandi sérsambandi.

# Samningar um fjárframlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til ÍSÍ

Mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði samninga við ÍSÍ í nóvember 2018. Samningurinn við ÍSÍ felur í sér framlag vegna reksturs sambandsins sem og stuðning við sérsambönd ÍSÍ. Einnig var undirritaður samningur vegna Ferðasjóðs Íþróttafélaga. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ undirritaði samningana fyrir hönd ÍSÍ en þeir gilda frá 2018 – 2020. Markmiðið með samningum þessum er að tryggja rekstur ÍSÍ og styrkja sérsambönd sem starfa innan vébanda ÍSÍ. Hlutverk þeirra er meðal annars að efla mótahald, útbreiðslu og fræðslu um viðkomandi íþróttagreinar á landsvísu, auka upplýsingagjöf um íþróttastarf og koma fram fyrir hönd viðkomandi greinar á erlendum vettvangi. Við undirritunina sagði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, það ánægjulegt hversu blómlegt íþróttastarf á Íslandi væri og það megi ekki síst þakka öflugum samstarfi. Hún sagði stefnu



Frá undirritun samninga við ÍSÍ, Íþróttasamband fatlaðra og Skáksamband Íslands.

stjórnvalda vera að sem flestir geti iðkað íþróttir við sitt hæfi og að það sé viðvarandi verkefni að tryggja að svo

sé. Lilja sagði samningana staðfesta það mikilvæga sameiginlega verkefni ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar.

## Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa

ÍSÍ hefur, samkvæmt samkomulagi við velferðarráðuneytið frá árinu 2002, haft umsjón með endurgreiðslum á kostnaði íþróttaiðkenda vegna íþróttaslysa sem valda óvinnufærni í níu eða færri daga. Framlag á Fjárlögum Alþingis til ÍSÍ vegna endurgreiðslna á íþróttaslysum var kr. 17.000.000,- árið 2017 og kr. 10.000.000,- árið 2018. Endurgreiðsluhlutfall kostnaðar er 80%. Reglugerð ÍSÍ um greiðslu bóta vegna íþróttaslysa er að finna á heimasíðu ÍSÍ. Velferðarráðuneytið hefur nú sagt upp ofangreindu samkomulagi við ÍSÍ með tilvísun í breyttar forsendur eftir að nýtt greiðsluþátttökukerfi vegna heilbrigðisþjónustu tók gildi í maí 2017. Kostnaður almennra notenda, sem áður fengu mjög takmarkaða niður-

greiðslu á sjúkráþjálfun hefur lækkað verulega með nýja kerfinu. Þeir sem þurfa að nota þjónustuna mikið, þ.á.m. íþróttafólk, eru betur settir þar sem kostnaður vegna læknisheimsóknna, heilsugæslu og myndgreininga, svo eitthvað sé nefnt, reiknast núna með í greiðsluþátttöku einstaklinga svo að langtímameðferð sjúkráþjálfunar getur í ákveðnum tilfellum orðið einstaklingi að kostnaðarlausu. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands hefur greiðsluþátttaka ríkisins í sjúkráþjálfun almennra notenda 18-67 ára farið úr um 17% fyrir gildistöku nýja kerfisins í um 70% á árinu 2018. Réttindi sem kveðið er á um í slysa-tryggingum almannatrygginga, nr. 45/2015, og reglugerð um slysa-tryggingar íþróttafólks samkvæmt III.

kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar halda þó gildi sínu en þau réttindi varða slys sem valda óvinnufærni í 10 daga eða fleiri.

## Verkefnasjóður ÍSÍ

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á hverju ári styrkjum til þjálfara sem hyggjast sækja námskeið eða fræðslu erlendis, auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni á landsvísu.





Dr. Sigríður Lára hélt erindi um svefn á ráðstefnunni *Snemmbær afreksþjálfun barna* árið 2018.



Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ á ráðstefnunni *Eru íþróttir leikvangur ofbeldis?*

## Ráðstefnur og málþing

- **Snemmbær afreksþjálfun barna**  
ÍSÍ hefur á undanförunum árum verið í samstarfi við ÍBR í ráðstefnuhaldi í tengslum við Reykjavíkurlaikana. Yfirskrift ráðstefnunnar 2018 var *Snemmbær afreksþjálfun barna*. Dr. Viðar Halldórsson hélt fyrirlesturinn *Árangur – og hvað svo?* sem fjallaði um hinn eftirtekarverða árangur sem íslenskt íþróttafólk hefur náð á undanförunum miss-erum og hvaða áhrif hann hefur á væntingar, áherslur og skipulag í íþróttum barna og ungmenna hér á landi. Dr. Sigríður Lára Guðmundsdóttir var með fyrirlesturinn *Svefn eða æfing?* Í fyrirlestri Sigríðar Láru kom fram að svefn hefur áhrif á líðan og frammistöðu en íþróttá-æfingar geta líka haft áhrif á svefn. Fyrirlestur Sveins Þorgeirssonar hét *Sérhæfing ungs fólks í íþróttum*. Í fyrirlesturinum leitaðist Sveinn við að svara því hvaða þjálfun telst til sérhæfingar og hvenær æskilegt er að hefja sérhæfingu í íþróttum. Einnig ræddi hann þjálfunarumhverfi ungs íþróttafólks á Íslandi. Fyrirlestur Sólveigar Jónsdóttur bar heitið *Markvisst starf og lágmarkun brottfalls*. Í fyrirlesturinum fjallaði Sólveig um breytingar á umhverfi

fimleikafólks með auknu framboði á fimleikagreinum. Daði Rafnsson hélt fyrirlesturinn *Við eigum helling inni, blómaskeið í íslenskri knattspyrnu* þar sem fjallað var um afreksþjálfun knattspyrnufólks.

- **Eru íþróttir leikvangur ofbeldis?**  
Árið 2019 var ráðstefnan í tengslum við Reykjavíkurlaikana tileinkuð #églika byltingunni, en yfirskrift ráðstefnunnar var *Eru íþróttir leikvangur ofbeldis?* Að ráðstefnunni komu auk ÍBR og ÍSÍ, Reykjavíkurborg, UMFÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Háskólinn í Reykjavík. Fjöl margir innlendir og erlendir fyrirlesarar voru með erindi á ráðstefnunni. Að auki var boðið upp á vinnustofu með yfirskriftinni *Ábyrgð íþróttahreyfingarinnar – hvað gerum við?*
- **Sýnum karakter – Allir með!**  
ÍSÍ og UMFÍ stóðu saman að vinnustofu undir yfirskrift verkefnisins *Sýnum karakter*, haustið 2017. Vinnustofan var tileinkuð ungu fólki innan íþróttahreyfingarinnar og voru þátttakendur á aldrinum 13-25 ára. Á meðal þeirra sem fluttu erindi voru Gunnar Gunnarsson

formaður UÍA, Dr. Hafrún Kristjánsdóttir sviðsstjóri íþróttáfræðasviðs HR, Fjolla Shala knattspyrnukona, knattspyrnudómarinn Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, Vanda Sigurgeirsdóttir frá KVAN og körfuknattleikþjálfarinn Pálmar Ragnarsson. Eftir að fyrirlesturinum lauk unnu ungmennin að hópverkefnum um ýmis mál sem tengjast íþróttahreyfingunni.

- **Sýnum karakter – Jákvæð íþróttamenning**  
Ráðstefnan var haldin á vegum ÍSÍ og UMFÍ í samstarfi við HR haustið 2018. Áherslan á ráðstefnunni var á félagslegar og sálrænar hliðar íþróttar og rætt var um leiðir til að byggja upp jákvæða menningu í íþróttastarfinu. Þeir sem fluttu erindi voru: Dr. Viðar Halldórsson dósent í HÍ, með fyrirlesturinn *Að byggja grunnstoðirnar*, Markús Máni Michaelsson Maute: *Sportabler, leikni í lífi og starfi*, Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri Stjórnunnar: *Hugmyndafræðin á bak við starfsmenningu Stjórnunnar*. Charlotte Ovefelt jafnréttisráðgjafi IF Brommapojkarna: *Staðalímyndir og viðhorf innan íþróttafélaga*, Karl

Ágúst Hannibalsson körfuknattleiksþjálfari FSu: *Að stefna í sömu átt*, Jóhannes Guðlaugsson, yfirþjálfari knattspyrnu hjá ÍR: *Að nota verkfærakistuna á markvissan hátt* og Dr. Chris Harwood íþróttasálfræðingur og prófessor: *Performance, development and Health in Young Athletes: Integrating the 5C's approach*.

Boðið var upp á tveggja daga vinnustofu með þeim Dr. Chris

Harwood og samstarfsmanni hans Karl Steptoe þar sem unnið var bæði bóklega og verklega með hugmyndafræði þeirra um 5C's sem svipar nokkuð til nálgunar verkefnisins Sýnum karakter á íþróttir.

- **Framtíðarskipulag íþróttamála**

Á Íþróttapingi 2017 var ÍSí falið að vinna að ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála. Ráðstefnan var haldin þann 16. nóvember

2018 í Laugardalshöll. Ráðstefnan var einungis ætluð fulltrúum sambandsaðila ÍSí og UMFÍ, Íþróttanefndar ríkisins, fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagi íþróttá-, æskulýðs- og tólmstundafulltrúa. Fundarformið var blanda af þjóðfundi og borgarafundi. Ráðstefnunni stýrði Gunnar Jónatansson.

## Hádegisfundir

ÍSí býður reglulega upp á hádegisfundum um ólík málafni sem tengjast íþróttum. Hér eru nokkur dæmi um hádegisfyrirlestra sem haldin hafa verið;

- **Íslenska íþróttandið** – Dr. Viðar Halldórsson kynnti rannsókn sína á því hvers vegna íslensk A-landslið í hópiþróttum hafa náð jafn langt á alþjóðlegum vettvangi sl. ár og raunber vitni.
- **Andlegi þátturinn mikilvægur** – Niccolo Campriani og Petra Zublasing héldu fyrirlestur um markmiðasetningu og æfingar afreksfólks.
- **Af hverju íþróttamælingar?** - Sveinn Þorgeirsson aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík fór yfir samstarf íþróttfræðisviðs HR og nokkurra sérsambanda innan ÍSí. Af hverju að framkvæma mælingar? Hverju eiga þær að skila? Hvað á að gera við gögnin? Hvernig fer samstarf háskóla og landsliðsþjálfara fram?
- **Höfuðhögg og heilahristingur í íþróttum** – Lára Ósk Eggertsdóttir Classen lækni hélt fyrirlestur um einkenni og endurkomu íþróttafólks eftir heilahristing. Ragna Margrét Brynjarsdóttir og María Björnsdóttir deildu reynslu sinni en þær eru körfuknattleikskonur sem báðar hafa glímt við afleiðingar heilahristinga. Fundurinn var haldinn í samvinnu við KSÍ.



Erlingur, Hrafnhildur og Sigríður héldu erindi á hádegisfundi um svefn og íþróttir.

- **7 ráð Dwight Phillips til að verða heims- og Ólympíumeistari** – Dwight Phillips, Ólympíumeistari og fimmfaldur heimsmeistari í langstökki, fór yfir þær aðferðir sem hann beitti á sínum ferli, m.a. að hafa alltaf trú á sjálfum sér sama hvað aðrir segja, að vinna í markmiðum sínum dag og nótt og aldrei að láta mótlætið stoppa sig. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.
- **Svefn og íþróttir** - Á hádegisfundinum voru þrjú stutt erindi. Dr. Erlingur Jóhannesson fjallaði um mikilvægi svefns og hvað á sér stað í líkamanum á meðan við sofum. Dr. Sigríður Lára Guðmundsdóttir kynnti niðurstöður rannsókna á svefnvenjum ungra íslenskra sundmanna. Niðurstöðurnar sýna að ungir íslenskir sundmenn sofa alltof lítið að meðaltali. Hrafnhildur Lúth-



Niccolo Campriani hélt fyrirlestur um markmiðasetningu og æfingar afreksfólks.

ersdóttir afrekskona í sundi talaði um sína reynslu af morgunæfingum í sundi.



Dwight Phillips margverðlaunaður langstökkvari hélt fyrirlestur um líf sitt sem afreksmaður.

## Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands. Árið 2017 var dagurinn haldinn í tólftha sinn með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og stutt af Actavis. Sú breyting varð á árið 2018 að Embætti landlæknis tók að sér að standa að deginum. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum og lúta þau að samveru með foreldrum, ástundun skipulagðs íþrótt- og æskulýðsstarfs og frestun áfengisneyslu. Þessi heillaráð byggja á niðurstöðum íslenskra vísindamanna sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna. Tveimur dögum fyrir Forvarnardaginn sjálfan er haldinn blaðamannafundur í einum af grunnskólunum þar sem forseti Íslands, borgarstjóri og fulltrúar þeirra hreyfinga sem standa að deginum mæta. Árið 2017 var blaðamannafundurinn haldinn í Kelduskóla-Vík og í Réttarholtsskóla árið 2018. Á Forvarnardaginn sjálfan hefur forseti eða framkvæmdastjóri ÍSí tekið þátt í deginum með því að heimsækja grunn- og framhaldsskóla ásamt forseta Íslands og ræða við nemendur. Árið 2017 voru Hólabrekkuskóli í Breiðholti og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ heim sóttir. Árið 2018 var Menntaskólinn við Hamrahlíð heimsóttur.



Sigurvegur í ratleik Forvarnardagsins við afhendingu viðurkenninga á Bessastöðum með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.



Blaðamannafundur í Kelduskóla-Vík fyrir Forvarnardaginn árið 2017.

# Ólympíuhlaup ÍSÍ

Ólympíuhlaup ÍSÍ hefur nú tekið við af Norræna skólahlaupinu sem hefur verið hluti af skólaíþróttum síðan 1984. Hlaupið er með sama sniði og geta nemendur valið á milli vegalengdanna 2,5 km, 5 og 10 km. Góð þátttaka hefur verið í hlaupinu frá upphafi og er það fastur liður í skóla-starfi margra grunnskóla á landinu. Ólympíuhlaupið er liður í Íþróttaviku Evrópu og er hlaupið formlega opnað í einum skóla ár hvert. Undanfarin ár hefur sá hátturinn verið á að þeir skólar sem ljúka hlaupinu fyrir lok september fara í pott og hafa þrír skólar verið dregnir út úr þeim potti. Hver skóli sem dreginn var út fékk 100.000 króna gjafabréf í Altis til kaupa á vörum til að nýta í frímínútum eða í skólaíþróttum. Allir nemendur sem tóku þátt í hlaupinu fengu viðurkenningarskjal sem Mjólkursamsalan lagði til og þá fékk skólinn einnig skjal til staðfestingar um þátttöku í verkefninu. Gott samstarf hefur verið við íþróttakennara og skólana um verkefnið.



Um 800 nemendur Hraunvallaskóla tóku þátt í setningu Ólympíuhlaups ÍSÍ árið 2018.



Ragnhildur Skúladóttir og skólastjóri Hraunvallaskóla Lars Jóhann Imsland ásamt Blossa við formlega opnun Ólympíuhlaupsins 2018.

## Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglunga

Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglunga fór fram í september 2017 í Snekersten í Danmörku, en ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá íþróttasamböndum Danmerkur, Svíþjóðar, Norvegs, Finnlands, Álandseyja og Íslands. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum. Fulltrúar frá átta ólíkum íþróttagreinum sóttu ráðstefnuna en íþróttagreinarnar voru, badminton, borðtennis, bandý, klifur, körfuknattleikur, sund, frjálsíþróttir og amerískur fótbolti. Íslenski hópurinn átti fulltrúa í öllum íþróttagreinum nema amerískum fótbolta, samtals 18 manns. Fyrirkomulag ráðstefnunnar

var bæði í fyrirlesturum og umræðu-  
hópum jafnt innan íþróttagreinanna  
og þvert á þær.

Viðar Halldórsson var einn af fyrir-  
lesurum ráðstefnunnar og kynnti  
hann meðal annars verkefnið Sýnum  
karakter sem vakti mikla athygli.  
Ráðstefna sem þessi eykur ekki að-  
eins þekkingu þátttakenda á ólíkum  
þáttum íþróttanna heldur hjálpar það fólki  
úr mismunandi íþróttagreinum að  
mynda tengsl sín á milli.



Íslenskir fulltrúar frá átta ólíkum íþróttagreinum sóttu ráðstefnuna.

## Útgáfumál



Á vefsíðu ÍSí er að finna útgefið fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast í prentuðu formi á skrifstofu ÍSí eða hlaða því niður af vefsíðunni. Árið 2018 gáfu ÍSí og UMFÍ út bæklinginn *Vertu með!* á sex tungumálum, þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Bæklingurinn hefur það að markmiði að hvetja til aukinnar þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna; upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og kosti þess að taka þátt í skipulögðu starfi. Haustið 2018 komu út fjögur stutt fræðslumyndbönd um alvarleika höfuðhögga og heilahristings í samstarfi við Knattspyrnusamband Íslands. Annars vegar er um að ræða grafísk myndbönd með mikilvægum upplýsingum, m.a. um fyrstu viðbrögð og hins vegar viðtalsmyndbönd við knattspyrnufólk sem deilir reynslusögum. Myndböndin eru sérstaklega hugsuð til dreifingar á samfélagsmiðlum.

Á vefsíðu ÍSí má finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, efni um baráttuna gegn hagræðingu úrslita, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.



Dominiqua Alma Belányi og Benedikt Jónsson voru fulltrúar ÍSí á námskeiðinu í Ólympíu 2018.

## Námskeið í Ólympíu

Árlega sendir ÍSí tvo einstaklinga, karl og konu, á námskeið ungra þátttakenda í Ólympíu í Grikklandi. Námskeiðið er á vegum Alþjóðaólympíuakademíunnar og eru þátttakendur á aldrinum 20-35 ára. Setningarathöfn námskeiðsins er á Pnyx hæðinni í Aþenu en námskeiðið sjálft er haldið í hinni fornu borg Ólympíu. Á námskeiðinu eru m.a. fyrirlestrar um Ólympíuhreyfinguna og ýmis hópavinna en auk þess gefst þátttakendum tími til að stunda ýmsar íþróttir. Árið 2017 var aðalþemað stjórnun, siðferði og menntun í íþróttum og í Ólympíuhreyfingunni. Þátttakendur frá ÍSí voru þau Baldvin Fróði Hauksson og Eva Hannesdóttir. Dominiqua Alma Belányi og Benedikt Jónsson tóku

þátt í námskeiðinu fyrir hönd ÍSí árið 2018 og var aðal umfjöllunarefnið á námskeiðinu íþróttamaðurinn sem fyrirmynd. Í maí árið 2018 sótti þórarinn Alvar Þórarinnsson starfsmaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí námskeið fyrir framkvæmdarstjóra og forseta Ólympíuakademía í Ólympíu. Þar kynntu meðal annars Ólympíuakademíur fræðslustarf sitt og verkefni ásamt því að fræðimenn fjölluðu um íþróttamanninn sem fyrirmynd út frá ýmsum sjónarhornum. Fleiri námskeið eru í boði í Ólympíu og má þar nefna námskeið fyrir íþróttافرéttamenn, háskólakennara í íþróttافرæðum og námskeið fyrir starfsfólk Ólympíunefnda.

## Siðareglur og hegðunarviðmið

Í kjölfar #églika frásagna íþróttakvenna í janúar 2018 var ákveðið að endurskoða siðareglur ÍSí, líkt og flest annað fræðsluefni ÍSí. Bryndís Valsdóttir heimsspekingur og siðfræðingur aðstoðaði ÍSí við endurskoðun á reglum en einnig var haft samráð við umboðsmann barna

við gerð reglnanna. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí þann 15. nóvember 2018 voru nýjar siðareglur fyrir ÍSí samþykktar samhljóða. Hegðunarviðmið ÍSí voru einnig endurskoðuð í kjölfar #églika og var ný útgáfa þeirra samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSí 1. apríl 2019.



## Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefni Sýnum karakter sem hrunðið var af stað 1. október 2016. Á vefsíðu verkefnisins, [www.synumkarakter.is](http://www.synumkarakter.is), má finna tæki og tól fyrir þjálfara, foreldra, iðkendur og fleiri til að nýta í íþróttþjálfun. Á vefsíðunni eru greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefnið er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun. Ráðist var í myndbandagerð til þess að auglýsa vefsíðuna og koma efninu á framfæri við íþróttahreyfinguna. Pálmar Ragnarsson þjálfari yngri flokka í körfuknattleik og fimleikaþjálfarinn Íris Mist Magnúsdóttir eru í aðalhlutverkum í myndböndunum. Myndböndin má sjá á Youtube-síðu Sýnum karakter. Sýnum karakter er hvorki altækt né endanlegt. Þvert á móti er því ætlað að þróast með framlagi þjálfara sem hafa tækifæri til að koma með ábendingar og frekari fræðslu-punkta inn í verkefnið. Sýnum karakter er að þessu sögðu hugsað sem upphaf að faglegri vinnu í þjálfun karakters en ekki sem endapunktur. Íþróttahreyfingin hefur tekið vel á móti verkefninu og hafa mörg íþróttafélög innleitt verkefnið inn í starfið með börnum og unglingum.



Allir með, ráðstefna Sýnum karakter í Laugardalshöll.



Frá ráðstefnunni Jákvað íþróttamening sem haldin var árið 2018.

## Íþróttahreyfingin og ný persónuverndarlöggjöf

Ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) hefur tekið gildi á Íslandi. Með tilkomu hennar eru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki og er íþróttahreyfingin ekki þar undanskilin. Gerð er krafa um að öll sérsambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn er talin á því. Gerð er krafa um að allir ábyrgðaraðilar setji sér gilda Persónuverndarstefnu eða

fræðslu til einstaklinga með öðru móti, sem unnið er eftir. Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti Persónuverndarstefnu ÍSÍ 1. apríl 2019 og er hana að finna á heimasíðu ÍSÍ. Búið er að gera skrá yfir allar vinnslur ÍSÍ þar sem unnið er með persónugreinanleg gögn og vinna áhættumat og úrbótaáætlun í samstarfi við Advice/Advania. ÍSÍ hefur einnig, í samstarfi við Advice/Advania, unnið leiðbeiningarpakka fyrir íþróttahreyfinguna vegna nýrra laga um persónuvernd (GDPR) til að spara fjármuni og tíma fyrir

hreyfinguna. Í leiðbeiningarpakkanum er tekið á flestum þeim hlutum sem sérsambönd ÍSÍ, íþróttahéruð og íþrótt- og ungmennafélög þurfa að huga að í kjölfar breytinga á persónuverndarlöggjöfinni. Til að fylgja málinu eftir þá hefur ÍSÍ staðið fyrir fræðslu- og kynningarfundum fyrir íþróttahreyfinguna í öllum landsfjórðungum sem Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi Advice/Advania og/eða Elías Atlason verkefnastjóri ÍSÍ stýra.

## Norræn nefnd um þjálfaramenntun

Norræn nefnd um þjálfaramenntun fundar árlega. Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri er fulltrúi ÍSÍ í nefndinni en í henni sitja einnig fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands. Nefndin fundaði í Helsinki í Finnlandi haustið 2017 og í Svíþjóð árið 2018.

Árið 2019 var nefndin með verkefni í gangi þar sem fimm afreksþjálfarar frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi fengu sérstaka fræðslu, bæði í sínum heimalöndum og á tveggja daga fræðslufundi í Olympiatoppen í Osló í Noregi. Íslensku þjálfararnir Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir (SSÍ), Finnur Freyr Stefánsson (KKÍ), Haukur Már Ólafsson (GSÍ), Hermann Þór Haraldsson (ÍF) og Jón Gunnlaugur Viggósson (HSÍ) sátu fræðslufund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 18. janúar 2019 og fóru, ásamt Viðari, á ofangreindan fund í Osló dagana 28. - 30. janúar



Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, Jón Gunnlaugur Viggósson, Hermann Þór Haraldsson, Haukur Már Ólafsson og Finnur Freyr Stefánsson tóku þátt í norræna verkefninu um þjálfaramenntun.

2019. Íslenski hópurinn átti síðan annan vinnufund í Laugardalnum í febrúar 2019 þar sem rýnt var í niðurstöður fundarins í Osló.

Markmiðið með samstarfi Norðurlandanna er að skiptast á þekkingu og reynslu er lýtur að íþróttþjálfun með það að markmiði að efla fagþekkingu í málaflokknum.

## Ólympíudagurinn

Ólympíudagur Alþjóða-ólympíunefndarinnar (IOC) er haldinn hátíðlegur þann 23. júní á heimsvísu í tilefni af stofndegi Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), 23. júní 1894. Meginþemu í tengslum við daginn eru þrjú: Hreyfa, læra og uppgötva. Árin 2017 og 2018 var haldið upp á daginn með fjölbreyttum hætti, meðal annars í samstarfi við Samtök íslenskra Ólympíufara, frístundaheimili og fjölmargra aðila innan íþróttahreyfingarinnar.



## Jafnréttismál

Í kjölfar #églika fór ÍSÍ í samstarf við Jafnréttisstofu með það að markmiði að aðstoða íþróttafélög við gerð jafnréttisáætlana. Afrakstur samstarfsins var jafnréttisáætlun sem félögin geta tekið upp og gert að sinni áætlun með samþykki stjórnar og/eða aðalfundar. Einnig voru gerðar leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana sem félögin geta nýtt sér ef það hentar. Jafnréttisstofa sinnir, auk eftirlits, fræðslu og ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna og þar eru íþróttafélögin velkomin.

Jafnréttisstofa og ÍSÍ hvetja alla sambandsaðila ÍSÍ til að tryggja öllum einstaklingum óháð kyni jafnan rétt til íþróttaiðkunar og öruggt umhverfi laust við áreitni og ofbeldi.

# Ráðstefna IOC um konur í leiðtogastörfum

Alþjóðaólympíu nefndin (IOC) og Ólympíu nefnd Litháen stóðu fyrir ráðstefnu um konur í leiðtogastörfum 10.-11. október 2017 í Vilnius. Um 200 þátttakendur frá 40 Ólympíu nefndum, frá Alþjóðaólympíu nefndinni, Evrópusambandi ólympíu nefnda (EOC) og mörgum alþjóðasamböndum íþróttá, sóttu ráðstefnuna. Thomas Bach, forseti IOC, setti ráðstefnuna.

Halla Tómasdóttir var aðal fyrirlesari ráðstefnunnar og hélt mjög hvetjandi fyrirlestur á persónulegum nótum um konur í leiðtogastörfum. Fyrirlestur hennar vakti mikla athygli meðal ráðstefnugesta sem og þátttaka hennar í pallborðsumræðum. Halla var mætt til leiks í landsliðstreyju KSÍ og í lok fyrirlestursins gaf hún boltann, í bókstaflegum skilningi, til karlmannanna í salnum með ósk um að þeir „tækju boltann“ og leggðu sitt af mörkum með því að hvetja og styðja konur til leiðtogastarfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Fram kom á ráðstefnunni að jafnrétti kynjanna er ekki bara á höndum kvenna heldur beggja kynja. Jafnvægi í skiptingu kynja í stjórnunarstöðum leiðir af sér betri stjórnun og betri stjórnunarhætti. Markmið IOC er að konur verði í a.m.k. 30% kjörinna embætta innan íþróttahreyfingarinnar fyrir árið 2020.

Ráðstefnuna sóttu Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.



Halla Tómasdóttir var aðal fyrirlesari ráðstefnunnar.

**PITT MARK Á LEIKINN**  
**COMPETITION MANIPULATION**

**SKYNSEMI**  
Hafðu reglurnar á hreinu  
**BE SMART: Know the rules**

**ÖRYGGI**  
Taktu aldrei þátt í veðmálum í þinni íþrótt  
**BE SAFE: Never bet on your sport**

**ADGÆSLA**  
Gefðu aldrei upp innherjaupplýsingar  
**BE CAREFUL: Never share sensitive information**

**SAMVINNA**  
Láttu vita ef einhver reynir að hafa áhrif á þig  
**BE OPEN: Tell someone if you are approached**

**HÁTTVÍSI**  
Hafðu ekki rangt við, breyttu ekki eðlilegum gangi leiks  
**BE CLEAN: Never fix an event**

## Baráttan gegn hagræðingu úrslita í íþróttum

Hagræðing úrslita íþróttakeppna merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleyfi sem er af ásetningi og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óviðeigandi hætti í því skyni að víkja alfarið eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra. ÍSÍ hefur ásamt systursamtökum sínum á Norðurlöndunum undirritað

sameiginlega yfirlýsingu um baráttu gegn hagræðingu úrslita í íþróttum. Þá hefur samningur Evrópuráðsins gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum verið undirritaður fyrir Íslands hönd. Einnig hefur mennta- og menningar- málaráðuneytið skipað vinnuhóp til að gera tillögur að vinnulagi og hvernig alþjóðasamningum verði best framfylgt. Skjölín sem tengjast hagræðingu úrslita í íþróttum má nálgast á vefsíðu ÍSÍ.





Fulltrúar Íþróttabandalags Vestmannaeyja, Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Íþróttabandalags Akraness, Knattspyrnufélagsins Vals og Taekwondodeildar Keflavíkur við afhendingu styrkjanna ásamt Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ, Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ.

## Vertu með!

ÍSÍ og UMFÍ veittu fimm 180.000 kr. styrki til verkefna sem hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi. Styrkina hlutu Íþróttabandalag Vestmannaeyja, Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Íþróttabandalag Akraness, Knattspyrnufélagið Valur og Taekwondodeild Keflavíkur. Styrkirnir voru veittir á blaðamannafundi sem haldinn var í tengslum við samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ, Vertu með! Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, var viðstödd þegar styrkirnir voru veittir. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu, flutti erindi um hlutfall barna af erlendu bergi brotnu í íþróttum. Margrét sagði forvarnargildi íþróttá á Íslandi óumdeilanlegt. Hingað komi fjöldi fólks, bæði frá erlendum stjórnvöldum og blaðamenn, til að fræðast um árangur Íslendinga í forvarnarmálum. Talið er að um 10% íbúa á Íslandi séu innflytjendur en samanlagt er fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 12%

allra þeirra sem búa á Íslandi. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem Rannsókn og greining lagði fyrir alla nemendur í 8.–10. bekk á Íslandi 2016 stunda 56% barna og ungmenna nær aldrei íþróttir þar sem engin íslenska er töluð á heimilinu og 46% barna og ungmenna stunda nær aldrei íþróttir þar sem íslenska er töluð ásamt öðru tungumáli. Margrét sagði sláandi

hversu stórt hlutfall ungmenna af erlendum uppruna virðist ekki stunda íþróttir. Auk þess héldu erindi þau Maciej Baginski, körfuknattleiksmaður frá Njarðvík, og Samar E. Zahilda, taekwondokona úr Ármanni. Maciej er frá Póllandi en foreldrar Samar frá Pakistan. Í erindum sínum lýstu þau bæði því hvað íþróttabátttaka hefur gert fyrir þau.



Samar E. Zahilda, taekwondokona úr Ármanni, hélt erindi á blaðamannafundinum.



Setningarhátíð Lífshlaupsins 2018 fór fram í Vættaskóla-Borgum.



## Lífshlaupið

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarkerfi ÍSÍ sem höfðar til allra landsmanna og aldurs hópa. Markmið verkefnisins er að hvetja almenning til daglegrar hreyfingar þar sem farið er eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu. Lífshlaupið skiptist í fjórar keppnir: einstaklingskeppni yfir allt árið og vinnustaða-, grunnskóla- og framhaldsskólakeppni sem er í gangi í febrúar ár hvert og stendur yfir í 2-3 vikur. Verkefnið býður upp á skemmtilega leiki fyrir þátttakendur þar sem veglegir vinningar er í boði, í samstarfi við samstarfsaðila verkefnisins. Það var mikill kraftur og gleði í íþróttasal Vættaskóla-Borgum 31. janúar 2018 þegar Lífshlaupið var ræst í ellefta sinn. Púriður Óttarsdóttir skólustjóri og Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ ávörpuðu nemendur og gesti í upphafi dagskrár. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur minntu nemendur á mikilvægi hollrar hreyfingar og hvöttu nemendur til dáða. Nemendurnir

sýndu glæsilegt fimleikaatriði þar sem reyndi í senn á mikla hreysti og hæfni og var þeim vel fagnað í lok atriðis. Kristín Guðmundsdóttir íþróttakennari skólans leiddi gesti og nemendur í gegnum lauflétta Lífshlaupsbrautbraut. Setningarhátíð Lífshlaupsins 2019 fór fram í Breiðholtsskóla 6. febrúar. Mikil eftirvænting ríkti í íþróttahúsinu þar sem nemendur skólans og gestir voru saman komin. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra, Dóra Björt Guðjónsdóttir forseti borgarstjórnar og Garðar Svansson, formaður Almenningsíþróttasviðs ávörpuðu gesti ásamt Ástu Bjarneyju Elíasdóttur skólustjóra Breiðholtsskóla. Eftir ávörp gesta hófst spennandi keppni í þrautbraut á milli heiðursgesta, skólustjóra og fjögurra hörkuduglegra nemenda. Að því loknu skoraði Lilja Alfreðsdóttir á Eyþór Guðnason íþróttakennara í arm-beygjukeppni og sýndu þau fádæma góð tilprif. Árið 2019 var heildarfjöldi virkra þátttakenda 17.139 manns sem var 8,7% aukning frá því árið 2018 en



Frá verðlaunaafhendingu Lífshlaupsins 2018.

þá voru 15.774 virkir þátttakendur. Alls hreyfðu þátttakendur sig í 195.798 daga og voru skráðar 15.643.106 hreyfiminútur árið 2019 sem er aukning frá því árið 2018 þegar 166.284 dagar voru skráðir með 12.988.038 hreyfiminútum. Landsmenn hafa tekið Lífshlaupinu mjög vel og hafa verið á bilinu 15 - 20.000 þátttakendur í verkefninu ár hvert sem gerir það að fjölmennasta verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Helstu samstarfsaðilar Lífshlaupsins eru: Advania, Rás 2 og Mjólkursamsalan. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu verkefnisins [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is) og á Facebook og Instagram undir Lífshlaupið.



## Sjóvá Kvannahlaup ÍSí

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí er elsta verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSí og fagnar 30 ára afmæli sínu á árinu 2019.

Kvannahlaupið var haldið í fyrsta sinn 30. júní 1990 í Garðabæ í tengslum við Íþróttahátíð ÍSí en Garðabær hefur ávallt verið fjölmennasti hlaupastaður Kvannahlaupsins. Árið 1990 tóku um 2.500 konur þátt í fyrsta hlaupinu sem fór þá fram á átta stöðum um landið. Sjóvá Kvannahlaup ÍSí hefur vaxið og dafnað á þessum áratugum og er einn útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Tengiliðir Kvannahlaupsins á hverjum hlaupastað eru afar mikilvægir fyrir skipulag og framkvæmd hlaupsins og eiga hrós skilið fyrir að standa vaktina, sumir hverjir ár eftir ár. Mikil veðurbliða var á flestum stöðum á landinu, nema höfuðborgarsvæðinu, þegar 28. Sjóvá Kvannahlaup ÍSí fór fram sunnudaginn 18. júní 2017. Áætlað er að um 10.000 konur hafi tekið þátt á yfir 80 stöðum hérlendis og erlendis. Í kringum 2.000 konur hlupu í Garðabænum og rúmlega 1.000 í Mosfellsbæ. Einnig hlupu um 200 konur á Akureyri sem og í Reykjanesbæ. Að vanda var boðið upp á mismunandi vegalengdir eða allt frá 900 m upp í 10 km. Mikil og góð stemmning var hjá þátttakendum þar sem ömmur, mömmur, dætur og vinkonur áttu saman skemmtilega stund.

Árið 2018 fór 29. Sjóvá Kvannahlaup ÍSí fram laugardaginn 2. júní. Líkt og undanfarin ár má gera ráð fyrir að nálægt 10.000 konur hafi tekið þátt á yfir 80 stöðum um allt land og víða erlendis og hlaupið var allt frá 900 m og upp í 10 km. Sem fyrr var stemmningin góð



Rásmarkið í Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí 2017.

á meðal þátttakenda. Markmið Kvannahlaupsins hefur frá upphafi verið að vekja áhuga kvenna á reglulegri hreyfingu. Síðustu ár hefur aukning verið á fjölda karlkyns þátttakenda. Þó að hlaupið hafi í upphafi verið ætlað konum eins og nafn þess gefur til kynna þá hafa karlmenn alltaf verið velkomnir í hlaupið. Öldrunarheimili víðsvegar um land bjóða sínu heimilisfólki að taka þátt í Kvannahlaupinu og er jafnan mikil gleði



Frá Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí árið 2017.



Þátttakendur í Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí árið 2017 létu rigninguna ekki á sig fá.

með þetta framtak og mikið er lagt í að virkja alla til þátttöku. Sjóvá hefur verið aðalbachjarl Kvannahlaupsins frá árinu 1993. Aðrir helstu samstarfsaðilar Sjóvá Kvannahlaups ÍSí eru: Beiersdorf, Ölgerðin og MBL.is. Nánari upplýsingar má finna á [www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir](http://www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir) og á Facebook undir *SjóváKvannahlaupÍSí*.



Þátttakendur í Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí árið 2018.



## Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna hefur verið haldið árlega í maí allt frá árinu 2003 og stendur yfir í þrjár vikur í senn. Undanfarinn áratug hefur orðið gríðarleg vakning í þjóðfélaginu um hjóleiðar sem heilsusamlegan samgönguvalkost. Þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003 tóku 533 einstaklingar þátt en þátttakan óx ár frá ári og náði hámarki árið 2012 þegar 11.381 einstaklingur tóku þátt. Ætla má að margir þátttakendur hafi tekið hjóleiðar upp sem lífsstíl í framhaldi af þátttöku sinni í verkefninu. ÍSí er stolt af því að hafa stuðlað að bættari hjólamenningu á Íslandi og orðið til þess að vinnustaðir og sveitarfélög hafi bætt til muna aðstöðu fyrir hjólandi fólk. Hjólað í vinnuna er nú orðið hluti af menningu margra vinnustaða í landinu í maí ár hvert. Megin markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þrjár vikur í maí ár hvert. Árið 2017 fór keppnin fram í fimmtánda sinn dagana 3.-23. maí og þá voru þátttakendur tæplega 6 þúsund talsins, 966 lið frá 450 vinnustöðum. Skráðir kílómetrar voru 428.926 km sem jafngildir um 320 hringjum í kringum landið. Er þetta aukning á öllum tölum frá árinu áður. Setningarhátíð verkefnisins fór



Verkefnið hjólað af stað árið 2017.

fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal þann 3. maí 2017. Hafsteinn Pálsson, formaður Almenningsípróttasviðs ÍSí, Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, Líf Magneudóttir forseti borgarstjórnar og Steinn Ármann Magnússon leikari og hjóleiðakappi fluttu hvatningarávörp áður en gestir hjóluðu verkefnið af stað með táknrænum hætti. Árið 2018 fór keppnin fram dagana 5.-25. maí og þá voru skráðir til leiks 353 vinnustaðir með 791 lið og þátttakendur ríflega 4.200 talsins, sem hjóluðu 254.603 km eða 190,14 hringi í kringum landið. Líkt og undanfarin ár var setningarhátíð haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal þar sem Lárus L. Blöndal, forseti ÍSí, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Alma Dagbjört Möller, landlæknir og Frímann Gunnarsson, þáttastjórnandi með meiru fluttu hvatningarávörp áður en þau hjóluðu verkefnið af stað ásamt öðrum gestum. Afleitt veður var í allan maí sem hafði töluverð áhrif á þátttöku í verkefninu það árið. Sam-

starfsaðilar Hjólað í vinnuna eru: Rás 2, Advania, Örninn og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. Nánari upplýsingar má finna á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is) ásamt síðum á Facebook og Instagram.



## Hjólum í skólann

Hjólum í skólann er verkefni ætlað nemendum og kennurum í framhaldsskólum landsins. Markmiðið er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Verkefnið fór af stað í september 2013. Árið 2016 var ákveðið að hverfa frá skráningarfyrikomulagi og breyta því í einfalt hvatningarverkefni. Frá árinu 2016, samhliða verkefninu Göngum í skólann, eru nemendur og kennarar framhaldsskólanna hvattir til að velja virkan ferðamáta til og frá skóla. Þá eru skólastjórnendur hvattir til að huga að hjólaaðstöðu við skólana ásamt því að sveitarfélög landsins eru hvött til að huga að hreinsun stíga, lýsingu á hjólastígum og öðru er lýtur að vistvænum samgöngumáta.



Frá verðlaunaafhendingu árið 2018.

## Göngum í skólann

Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni og árlega taka milljónir barna þátt víðsvegar um heiminn. Lýðheilsustöð hafði frumkvæði að því að koma verkefninu af stað hérlendis árið 2007 þegar 26 skólar tóku þátt. Ári síðar tók ÍSÍ að sér að leiða Göngum í skólann áfram og hefur þátttakan vaxið jafnt og þétt undanfarin ár.

Göngum í skólann 2017 var sett í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Hrönn Bergþórsdóttir skjólastjóri, Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra og Rósa Guðbjartsdóttir formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar fluttu stutt ávörp. Nemendur Víðistaðaskóla fluttu söngatriði við gítarundirleik og að því loknu var verkefnið formlega sett með táknrænum göngutúr allra viðstaddra um Víðistaðatún, í sól og blíðu. Alls tóku 70 skólar þátt um land allt.

Árið 2018 var Göngum í skólann sett í Ártúnsskóla í Árbæ. Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs og Þórólfur Árnason forstjóri Samgöngustofu fluttu stutt ávörp. Þá fluttu nemendur söngatriði og að því loknu var Sirkus Íslands með skemmtiatríði sem vakti mikla lukku, ekki síst hjá nemendum. Setning verkefnisins hófst formlega með gönguferð um nágrenni skólans. Árið 2018 var metþátttaka í verkefninu þar sem alls 75 skólar tóku þátt.

Meginmarkmið Göngum í skólann er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að komast á milli staða á öruggan hátt í umferðinni. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu um vistvænan ferðamáta, umhverfismál og það hversu „gönguvænt“ umhverfið er.

Göngum í skólann er hluti af verkefninu Virkar og öruggar leiðir í skólann, sem nýtur stuðnings Go for Green og annarra samstarfsaðila.



Setningarhátíð Göngum í skólann 2017 fór fram í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.



Setningarhátíð Göngum í skólann 2018 fór fram í Ártúnsskóla í Árbæ.

Þeir sem standa að Göngum í skólann hérlendis eru ÍSÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Embætti landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnarfélagið

Landsbjörg, Umferðarstofa og Landssamtökin Heimili og skóli. Nánari upplýsingar og skemmtilegt efni frá skólunum er að finna á [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is)



## Hreyfitorg

Hreyfitorg.is er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að veita upplýsingar um fjölbreytta hreyfingu víðsvegar um landið og stuðla þannig að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitalboðum (þjónustuaðila). Þjónustuaðilar sjá sjálfir um innskráningu upplýsinga. Innskráningin er þjónustuaðilum að kostnaðarlausu.

Á Hreyfitorgi eiga notendur að geta fengið á einum stað góða yfirsýn yfir sem flest þau hreyfitalboð sem eru til staðar á hverjum tíma, hvar sem er á landinu. Þar sem þarfirnar eru mismunandi er mikið lagt upp úr því að notendur geti með einföldum hætti síað út upplýsingar í samræmi við sínar þarfir, borið saman mismunandi valkosti og miðlað þeim áfram. Aðstandendur Hreyfitorgs eru: ÍSÍ, Embætti landlæknis, Félag sjúkráþjálfara, Íþrótt- og heilsufræðifélag Íslands, Læknafélag Íslands, Reykjalundur, UMFÍ og VIRK, starfsendurhæfingarsjóður. Nánari upplýsingar má finna á [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is).

## Nefnd um íþróttir 60+

Á vegum ÍSÍ er starfandi nefnd um íþróttir 60 ára og eldri. Markmið nefndarinnar er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir viðburðum tengdum íþróttum fyrir aldursflokkinn 60+. Fjölgað var í nefndinni eftir Íþróttaping 2017 og er nefndin nú skipuð Garðari Svanssoni formanni, Hermanni Sigtryggssyni, Ástbjörgu Gunnarsdóttur, Margréti Jónsdóttur, Páli Ólafssyni, Kolbeini Pálssyni og Maríu Málfríði Guðnadóttur.

Í mars 2017 tók ÍSÍ þátt í ráðstefnunni *Aldrei of seint – Heilsuefling eldri aldurshópa* sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur. Kolbeinn Pálsson var fulltrúi ÍSÍ í undirbúningsnefndinni. Um 250 ráðstefnugestir fylltu öll sæti í salnum og hlýddu á fræðandi fyrirlestara um heilsueflingu aldraðra. ÍSÍ, Öldrunarráð Íslands, Landssamband eldri borgara, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Félag áhuga-fólks um íþróttir aldraðra stóðu að ráðstefnunni.

Í febrúar 2018 var haldin ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík með yfirskriftinni *Rokkað inná efri ár – Nýjar forvarnarleiðir*. Vel var mætt á ráð-



Þátttakendur í verkefninu „Kraftur í KR“ við æfingar í KR heimilinu undir leiðsögn sjúkrabjálfa.

stefnuna og voru margir áhugaverðir fyrirlestrar í boði þar sem rætt var um fjölþætta heilsurækt í sveitarfélögum, aldursvænar borgir, gildi hugræktar í öldrunarþjónustu og fleira. Nokkur áhugaverð verkefni eru í gangi í tengslum við íþróttir 60 ára og eldri og má þar nefna verkefni „Vítamín í Val“ og „Kraftur í KR“ sem eru ætluð eldri borgurum í nágrenni við viðkomandi félög sem standa fyrir verkefnunum. Eldri borgurum er boðið upp á að mæta á fjölbreyttar æfingar með þjálf-

ara í viðkomandi íþróttafélagi og nýta um leið mannvirki þeirra. Boðið er upp á frístundaakstur fyrir eldri borgara frá félagsmiðstöðvum í þessum hverfum og að íþróttafélögum. Einnig má geta þess að Knattspyrnufélagið Þróttur býður upp á göngu- og fótþolta einu sinni í viku sem hentar vel fyrir alla aldurshópa. Ljóst er að það felast mörg áhugaverð tækifæri í hreyfingunni sem gætu stuðlað að því að bæta lífsgæði eldri borgara og viðhalda hreyfifærni þeirra.

## Afreksstefna ÍSÍ

Á Íþróttapingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný Afreksstefna ÍSÍ. Hún byggir að mestu á fyrri stefnu en búið er að skilgreina betur helstu aðgerðir og setja auknar kröfur hvað varðar að móta tímasett markmið og aðgerðaáætlanir vegna þeirra sem ber að kynna fyrir íþróttahreyfingunni, sem og framvindu þeirra. Þá er einnig lögð áhersla á að skilgreina alþjóðleg mót í samvinnu við hvert sérsamband ÍSÍ sem og viðmið afreka. Afreks- og

Ólympíusvið ÍSÍ hefur lagt mikla vinnu í að skilgreina mót og viðmið afreka með sérsamböndum og safna saman upplýsingum sem tengjast þeim mælikvörðum sem eru í stefnunni. Áfram er verið að vinna að ýmsum þáttum þeirra og leggja aukna áherslu á samskipti, miðlun upplýsinga og samvinnu sérsambanda bæði innbyrðis og við ÍSÍ. Í stefnunni er einnig fjallað um mikilvægi þess að efla aðkomu íþrótt-

héraða að afreksíþróttastarfinu og að mikilvægt sé að tryggja gott aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum og að sérsambönd fái aðgengi að íþróttamannvirkjum vegna æfinga og keppni. Ekki hefur náðst að efla þá aðkomu frá síðasta Íþróttapingi ÍSÍ en upplýsingar sem tengjast gagnasöfnun ÍSÍ munu nýtast í þeirri vinnu.



Frá Íþróttaviku Evrópu 2017.

## Íþróttavika Evrópu

Árið 2016 fól mennta- og menningar- málaráðuneytið ÍSÍ umsjón með Íþróttaviku Evrópu, árlegu verkefni sem fer fram 23.–30. september ár hvert. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og



Sirkus Íslands skemmti gestum og gangandi.

almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Slagorð vikunnar er „BeActive“ eða „Vertu virkur“. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Evrópusambandið styrkir verkefnið í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið. Árið 2017 voru um 10 viðburðir víðsvegar um landið í boði þá vikuna svo sem; sund á Sauðárkróki, opin keiluæfing í Keiluhöllinni, hjólaferð um Öskjuhlíð og Hjartadagshlaupið. Árið 2018 var Íþróttavika Evrópu formlega ræst í Laugardalnum þann 23. september. Þennan dag bauðst gestum að taka þátt í hinum ýmsu íþrótt- og hreyfitengdu viðburðum í Laugardalnum. Í boði var m.a. göngutúr með leiðsögn, skylmingar í Baldurshaga, frjálsíþróttir

**#BEACTIVE**

í Laugardalshöll, Qi-Gong og Tai-Chi við gömlu þvottalaugarnar og Aqua Zumba í Laugardalslaug. Aðsókn var góð en í heildina má áætla að um 500 manns hafi tekið þátt í deginum. Sirkus Íslands og Leikhópurinn Lotta voru á svæðinu og skemmtu gestum og gangandi sem setti skemmtilegan brag á daginn. Ýmislegt annað var í boði í Íþróttavikunni, svo sem opnar æfingar hjá Íþróttafélögum og ýmsir lýðheilsutengdir viðburðir. ÍSÍ hefur tengt Íþróttaviku Evrópu við almenningsíþróttaviðburði ÍSÍ sem falla innan tímaramma verkefnisins. Vefsíða verkefnisins er [www.beactive.is](http://www.beactive.is) og þar má nálgast nánari upplýsingar. Verkefnið er líka að finna á Facebook. Myndir frá viðburðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ má finna á [www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir](http://www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir).

## Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang 2018



23. Vetrarólympíuleikarnir fóru fram í PyeongChang í Suður-Kóreu 9.-25. febrúar 2018. Keppendur voru tæplega 3.000 frá 92 þátttökubjóðum en keppt var í 15 íþróttagreinum 7 alþjóðasér-sambanda og voru keppnisgreinar 102 talsins. Ísland átti að þessu sinni fimm keppendur á leikunum. Keppendur fyrir Íslands hönd voru þau Ísak S. Pedersen, Snorri Einarsson og Elsa Guðrún Jónsdóttir í skíðagöngu, fyrsta íslenska konan til að keppa í skíðagöngu á Ólympíuleikum. Í alpagreinum kepptu þau Sturla Snær Snorrason og Freydís Halla Einarisdóttir. Ásamt þjálfurum og fararstjórn voru í heildina 13 aðilar í íslenska hópnum í Ólympíuþorpinu. Keppnisaðstæður voru mjög góðar og skammt var á milli Ólympíuþorps og keppnisstaða. Íslensku þátttakendurnir stóðu sig ágætlega en meiðsli settu strik í reikninginn í alpagreinum karla og veikindi í skíðagöngu karla. Eins og alltaf á Ólympíuleikum var keppnin mjög sterk en reynslan sem fæst



Íslenski hópurinn á móttökuhátíð í Ólympíuþorpinu.

með þátttöku á móti sem þessu mun nýtast þátttakendum vel og vonandi verða hvatning til frekari dáða. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningar-málaráðherra, heimsótti leikana ásamt

aðstoðarmanni, en leikarnir verða helst tengdir við aðkomu eða þátttöku Norður-Kóreu á leikunum og aukna samvinnu þjóða á Kóreuskaga, s.s. í keppni í íshokki kvenna.

## Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires 2018



Keppendur á Ólympíuleikum ungmenna 2018.

Þriðju Ólympíuleikar ungmenna fóru fram í Buenos Aires í Argentínu 6.- 16. október 2018. Ísland átti níu keppendur frá fjórum sérsamböndum sem stóðu sig mjög vel á leikunum. Um var að ræða

þrjú keppendur í frjálsíþróttum, þrjú í sundi, tvo í golfi og einn í áhaldafimleikum. Á Ólympíuleikum ungmenna er keppt í keppnisgreinum þeirra alþjóðasér-sambanda sem eru á hefðbundnum

Ólympíuleikum og eru keppendur á aldrinum 15 til 18 ára. Í fyrsta skipti í sögunni vann Ísland til gullverðlauna á viðburði á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar, en Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sigraði í 200 m hlaupi á leikunum. Af öðrum árangri íslenskra þátttakenda má nefna að Martin Bjarni Guðmundsson varð í 10. sæti af 34 keppendum á tveimur áhöldum í fimleikakeppni leikanna. Ingvar Andri Magnússon varð í 9.-10. sæti af 32 keppendum í einstaklingskeppni í golfi. Snæfríður Sól Jónunnardóttir varð 11. af 34 keppendum í 200 m skriðsundi. Valdimar Hjalti Erlendsson varð sjötti af 15 keppendum í kringlukasti. Á leikunum er keppnin ekki það eina sem er á dagskrá heldur er lögð mikil áhersla á ýmsa fræðslu og að þátttakendur kynnist þeim gildum sem Ólympíuhreyfingin stendur fyrir.





Hópurinn sem fór til Sarajevó og Austur-Sarajevó á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019.

## Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019



Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar var haldin í fjórtánda sinn dagana 9. til 16. febrúar 2019. Að þessu sinni fór hátíðin fram í Sarajevó og Austur-Sarajevó í Bosníu-Hersegóvínu, þar sem Vetrarólympíuleikanir fóru fram árið 1984. Keppendur hátíðarinnar komu frá 46 Evrópuþjóðum og voru yfir eitt þúsund talsins. Íslendingar áttu 12 keppendur á hátíðinni í alpa-greinum, skíðagöngu, listskautum og snjóbrettum. Auk þess voru í íslenska hópnum þjálfarar og flokksstjórar, dómari, sjúkrapjálfari og aðalfararstjóri. Bestum árangri íslensku keppendanna náði Baldur Vilhelmsson, á

snjóbretti, en hann var hársbreidd frá því að komast á verðlaunapall með árangri sínum er hann náði 4. sæti í snjóbrettakeppninni (big air). Þetta

er besti árangur íslensks keppanda á þessari hátíð.

Næsta hátíð verður haldin árið 2021 í Voukatti í Finnlandi.



Fjórir íslenskir strákar kepptu á snjóbrettum, en Baldur Vilhelmsson (annar frá vinstri) náði einstökum árangri í big air keppninni þegar hann hreppti 4. sæti.

# Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2017

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2017 var haldin í Győr í Ungverjalandi dagana 23. til 29. júlí 2017. Íslenski hópurinn taldi alls 34 keppendur auk fylgdarliðs en keppendur frá Íslandi tóku þátt í fimleikum, júdó, frjálsíþróttum, sundi, tennis og handknattleik drengja.

Bestum árangri náði Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir sem keppti í 100 m og 200 m hlaupi á leikunum og hafnaði í 5. sæti í báðum greinum.



Íslenski hópurinn á EYOF 2017.

## Smáþjóðaleikarnir 2017



Smáþjóðaleikarnir 2017 fóru fram í San Marínó dagana 29. maí til 3. júní. Þátttökurétt á Smáþjóðaleikunum eiga þjóðir með íbúatölu undir einni milljón, en þær eru: Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó og San Marínó, sem hafa verið með allt frá byrjun. Svartfjallaland tók þátt á leikunum árið 2011 í fyrsta sinn og eru því þátttökuþjóðirnar nú níu talsins. Setningarhátíð leikanna fór fram að kvöldi 29. maí. Þormóður Árni Jóns-

son, júðókappi, var fánaberi íslenska hópsins. Setningarhátíðin var afar glæsileg. Áhorfendur létu vel í sér heyra en fjöldi áhorfenda var um 8.000. Forseti Ólympíunefndar San Marínó, Gian Primo Giardi, og Thomas Bach, forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar, fluttu ávörp, sem fjölluðu meðal annars um mikilvægi þessarra leika fyrir þátttökuþjóðirnar. Hátíðinni lauk með tilkomumikilli flugeldasýningu. Íslenskir keppendur stóðu sig með ágætum á leikunum. Ísland hafnaði

í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg vann flest verðlaun eða 98, þar af 38 gull. Kýpur var í 2. sæti með 84 verðlaun, þar af 30 gull. Smáþjóðaleikarnir hafa nú verið haldnir tvisvar sinnum í öllum löndum þátttökuþjóðanna, fyrir utan Svartfjallaland, og hófst þriðja umferðin með leikunum 2017.



# Stuðningur Ólympíusamhjalparinnar

Ólympíusamhjálp Alþjóða-ólympíunefndarinnar styður starf ólympíunefnda á hverri ólympíuöðu með fjárstyrkjum í margvísleg verk efni. Ólympíunefndir geta sótt um styrki í ólíkum flokkum í styrkjakerfi samhjalparinnar og hefur ÍSí hlotið styrki til ýmissa verkefna sambandsins í gegnum tíðina. Stærstu styrkirnir tengjast undirbúningi fyrir Ólympíuleika og hafa samningar vegna undirbúnings fyrir Tókýó 2020 verið undirritaðir við sérsambönd og íþróttafólk. Heildarverðmæti samninga sem snúa að þeim undirbúningi geta numið allt að 21 m.kr. í heildina. Þá hefur Handknattleikssamband Íslands einnig hlotið styrk vegna undirbúnings A-landslíðs karla fyrir leikana.

## Styrkþegar Ólympíusamhjalparinnar vegna Tókýó 2020:

- Aníta Hinriksdóttir / Frjálsíþróttasamband Íslands
- Anton Sveinn McKee / Sundsamband Íslands
- Ásgeir Sigurgeirsson / Skotíþróttasamband Íslands
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / Sundsamband Íslands
- Guðlaug Edda Hannesdóttir / Þríþrautarsamband Íslands
- Hilmar Örn Jónsson / Frjálsíþróttasamband Íslands
- Valgarð Reinhardsson / Fimleikasamband Íslands



Frá úthlutun styrkja Ólympíusamhjalparinnar vegna Tókýó 2020.

- Puríður Erla Helgadóttir / Lyftingasamband Íslands
- Ólympíusamhjalpin styrkti einnig undirbúning sérsambanda fyrir Ólympíuleika ungmenna sem fram fóru í Buenos Aires 2018. Voru þeir styrkir veittir til Fimleikasambands Íslands, Frjálsíþróttasambands Íslands, Gólfambands Íslands og Sundsambands Íslands sem áttu keppendur á leikunum auk Karatesambands Íslands, Skjlmingasambands Íslands og Taekwondósambands Íslands, sem tóku þátt í úrtökumótum vegna leikanna. Þá hefur Skíðasamband Íslands notið styrkja Ólympíusamhjalparinnar vegna undirbúnings fyrir Vettrarólympíuleikana í PyeongChang 2018 sem og vegna undirbúnings fyrir Vettrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019. Með milligöngu ÍSí hafa sérsambönd ÍSí möguleika á að sækja um styrki til

samhjalparinnar vegna þjálfaranámskeiða og þróunarverkefna.

## Styrkþegar vegna þjálfaranámskeiða á síðustu tveimur árum:

- *Bogfiminefnd ÍSí* vegna þjálfaranámskeiðs í júní 2017. Námskeiðið er metið sem fyrsta stig þjálfaramenntunar.
- *Íþróttasamband fatlaðra* ásamt Blaksambandi Íslands og í samvinnu við Völsung vegna þjálfaranámskeiðs á Húsavík í mars 2018, fyrir bæði þjálfara og iðkendur, fatlaða og ófatlaða.
- *Frjálsíþróttasamband Íslands* vegna námskeiðs haustið 2018 fyrir verðandi kennara á þjálfaranámskeiðum.

## Styrkþegar vegna þróunarverkefna á síðustu tveimur árum:

- *Blaksamband Íslands* hlaut þróunarstyrk á vormánuðum 2018 sem var nýttur til að kynna blakíþróttina í skólum á svæði UMSK sem endaði með blakmóti í Kórnum með um 700 þátttakendum og 40 sjálfboðaliðum. Styrkurinn nýttist einnig til kaupa á sérsmíðuðum blaksúlum fyrir mót af þessu tagi í framtíðinni.
- *Fimleikasamband Íslands* hlaut þróunarstyrk sem nýttur var til að endurskoða þjálfaramenntun og koma henni á stafrænt form. Styrkurinn nýttist einnig til að halda þjálfaranámskeið í áhaldafimleikum.
- *Handknattleikssamband Íslands* fékk þróunarstyrk árið 2019 til þess að halda æðsta stig þjálfaramenntunar á Íslandi öðru nafni Master Coach Course í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.



Bogfiminefnd ÍSí hélt þjálfaranámskeið og sóttu sex þjálfarar námskeiðið. Frakkinn Comaire Pascal sá um kennsluna.

## Ráðstefna EOC

Evrópusamband Ólympíunefnda (EOC) heldur árlega ráðstefnu þar sem fjallað er um undirbúning vegna ólympískra leika sem og þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Þá hefur Ólympíusamhjálpin komið að ráðstefnunni undanfarin ár og kynnt möguleika sem snúa að styrkjum í tengslum við ólympíska viðburði IOC og álfusamtaka. Ráðstefnan 2017 fór fram í Skopje í Makedóníu og sóttu hana þau Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Belgrad í Serbíu var gestgjafi ráðstefnunnar 2018 og sóttu hana þeir Andri Stefánsson og Örvar Ólafsson frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ auk þess sem að Líney Rut Halldórsdóttir sat ráðstefnuna sem fulltrúi í framkvæmdastjórn EOC.



Andri Stefánsson og Örvar Ólafsson á ráðstefnu EOC 2018.

## Afreksstefnur sérsambanda ÍSÍ

Sérsambönd ÍSÍ skulu hafa mótaða afreksstefnu sem uppfyllir leiðbeinandi ramma ÍSÍ fyrir afreksstefnur, en ÍSÍ gaf út slíkan ramma fyrir nokkrum árum og var hann uppfærður haustið 2017. Í afreksstefnu sérsambands skal meðal annars fjallað um skilgreiningar á afrekum og flokkun alþjóðlegra móta, kröfur um aðstöðu vegna afreksíþróttar, kröfur vegna menntunar dómara og þjálfara í afreksíþróttastarfi og skipulags fagteymis viðkomandi sérsambands.

Mismunandi kröfur varðandi tímalengd og innihald afreksstefnu eru gerðar til sérsambanda miðað við afreksstarf sérsambandsins og flokkun þess í afreksflokkum og er það eitt af verkefnum Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ að vinna með sérsamböndum að mótun stefnu og vera þeim þannig til stuðnings hvað varðar afreksstarfið.



Ellert B. Schram ásamt Niels Nygaard varaforseta EOC við afhendingu viðurkenningarinnar.

## Ellert B. Schram heiðraður af EOC

Framkvæmdastjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC) samþykkti einróma á stjórnarfundum sínum að sæma Ellert B. Schram Heiðursforseta ÍSÍ heiðursviðurkenningunni EOC Laurel Award, lárviðarsveig EOC. Viðurkenninguna fékk Ellert fyrir frábær störf í þágu íslenskra íþróttar og ólympíuhreyfingarinnar. Afhendingin

fór fram á lokadegi aðalfundar EOC sem fram fór í Marbella á Spáni dagana 9. og 10. nóvember 2018. Viðurkenningin er mikill heiður fyrir Ellert og íslenska íþróttahreyfingu. Tveir Íslendingar hafa þá hlotið EOC Laurel Award því Stefán Snær Konráðsson fyrrum framkvæmdastjóri ÍSÍ hlaut viðurkenninguna árið 2009.

## #églika

Þann 11. janúar 2018 birtust yfirlýsingar kvenna í íþróttum um kynferðislega áreitni og ofbeldi og aðra óviðeigandi framkomu í þeirra garð undir myllumerkinu „metoo“. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins þann 12. janúar 2018. ÍSÍ fordæmdi þar allt ofbeldi í starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Á árinu var margt gert til að bæta hreyfinguna og fækka, eins og mögulegt er, áhættuþáttum ofbeldis í starfsemi hreyfingarinnar. Það sem þegar hefur verið gert af hálfu ÍSÍ er m.a.:

- Polendum úr íþróttahreyfingunni, sem stigið hafa fram og skýrt frá ofbeldi í sinn garð, var boðin aðstoð fagaðila til að vinna úr sínum málum.
- Fundað hefur verið með fjölmörgum aðilum um efnið, m.a. með sérsamböndum ÍSÍ, tengiliðum #metoo hóps íþróttakvenna, lögfræðingum, fagaðilum og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Fræðsluefni á vefsíðu ÍSÍ varðandi málefnið hefur verið gert aðgengilegra með því að setja allt undir einn hnapp á forsíðunni. Vart þarf að taka það fram að allt fræðsluefni sem þar er að finna má hreyfingin nota í sínu starfi og til birtingar á sínum miðlum.
- ÍSÍ leitaði til systursamtaka á Norðurlöndum um efni, til að flýta fyrir útgáfu nýs fræðsluefnis um málefnið. Myndbönd voru þýdd og

staðfærð og þau má finna á vefsíðu ÍSÍ.

- ÍSÍ tilnefndi fulltrúa sinn í starfshóp mennta- og menningarmálaráðuneytisins en hópurinn vann að útfærslum á aðgerðum til að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni, ofbeldi og einelti.
- Efni þjálfaramenntunar á námskeiðum ÍSÍ hefur verið yfirfarið með tilliti til málefnsins.
- Kröfur til Fyrirmyndarfélaga ÍSÍ og Fyrirmyndarhéraða ÍSÍ hafa verið yfirfarnar með tilliti til málefnsins.
- Siðareglur ÍSÍ og hegðunarviðmið ÍSÍ hafa verið endurbættar.

ÍSÍ og Jafnréttisstofa hafa unnið leiðbeinandi efni um jafnréttisáætlanir fyrir íþróttahreyfinguna.

Upplýsingar um fræðsluefni um mál-efnið hafa birst markvisst á samfélagsmiðlum og vefsíðu ÍSÍ og sent til sambandsaðila til birtingar á þeirra miðlum.

Beðið er eftir afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs en hlutverk ráðgjafans á meðal annars að vera, samkvæmt frumvarpinu:

- Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra, sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.

- Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísi, eftir atvikum í samráði við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- Fylgjast með rannsóknum og þróun á verkviði samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs og koma upplýsingum á framfæri við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.
- Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári. Vinna við yfirferð laga ÍSÍ, reglugerða og fræðsluefnis.

ÍSÍ er umhugað um að vinna stöðugt að því að viðhalda góðri menningu í íþróttahreyfingunni og bæta hana á þeim sviðum sem þess þarf.

## Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ

Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ er vettvangur íþróttamælinga og þjónustu við sérsambönd ÍSÍ og afreksíþróttafólk. Starfsemi miðstöðvarinnar lýtur meðal annars að því að efla þátt fagteymis og mælinga í daglegu afreksstarfi sérsambanda, stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli í tengslum við afreksíþróttir.

Fyrsta útgáfa af gagnagrunni fyrir mælingar er tilbúin en verið er að vinna að lokapáttum sem snúa að prófunum, skráningum mælinga, persónuverndarmálum og eflingu þeirra þátta. Búið er að skipa stjórn Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ og er Þórey Edda Elísdóttir formaður stjórnar.



Fulltrúar frá íþróttasamtökum og ólympíunefndum á Norðurlöndum á fundinum árið 2017.

## Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda

Árlegur fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda á Norðurlöndum fór fram í Þórshöfn í Færeyjum árið 2017 og í bænum Visby á Gotlandi árið 2018.

Íþróttasamband Færeyja var gestgjafi fundarins 2017 og var skipulag og framkvæmd hans til fyrirmyndar. Dagskrá fundarins var þétt skipuð erindum og umfjöllunum um sameiginleg hagsmunamál samtakanna sem og þær áskoranir sem norræn íþrótt- og ólympíusamtök standa frammi fyrir í dag og í framtíðinni. Fjallað var m.a. um jafnrétti, skipulag íþróttahreyfingarinnar, baráttuna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum og stöðu lyfjaeftirlits.

